

Guðný Zoëga  
Douglas J Bolender

# Uppgröftur 11. aldar kirkjugarðs á Stóru- Seylu 2012-2013

*Skagfirska kirkjurannsóknin II áfangi*



Byggðasafn Skagfirðinga  
Rannsóknaskýrslur  
2014/145

Forsíðumynd: Uppgröftur á Stóru-Seylu sumarið 2012



© Guðný Zoëga og Douglas J Bolender  
Bygðasafn Skagfirðinga

## Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b> .....	<b>2</b>
<b>Skagfirska kirkjurannsóknin</b> .....	<b>3</b>
<i>Helstu markmið Skagfirsku kirkjurannsóknarinnar:</i> .....	3
<b>Fornleifarannsókn á Stóru-Seylu</b> .....	<b>4</b>
Söguágrip.....	5
Yfirlit yfir fyrri fornleifarannsóknir .....	6
Uppgröftur – aðferðarfræði.....	7
Lýsing svæðis .....	9
<b>Uppgröftur 2012-2013</b> .....	<b>10</b>
Lýsing jarðlaga .....	10
Kirkjugarðurinn .....	11
Kirkjugarðsveggurinn .....	11
Kirkjan .....	13
Byggingaleifar undir kirkju.....	15
Önnur jarðlög innan kirkjugarðs .....	17
Elleftu aldar uppgröfturinn .....	18
Yfirlitsmynd að uppgreftri loknum 2012 .....	22
Yfirlitsmynd að uppgreftri loknum 2013 .....	23
<b>Jarðsjármælingar</b> .....	<b>26</b>
<b>Gripir</b> .....	<b>29</b>
<b>Sýnataka</b> .....	<b>31</b>
<b>Grafirnar</b> .....	32
Listi yfir grafir .....	34
<b>Umfjöllun um kirkjugarð og grafir</b> .....	<b>50</b>
Beinagreining.....	57
<b>Samantekt</b> .....	<b>58</b>
<b>Niðurlag</b> .....	<b>63</b>
<b>Heimildir</b> .....	<b>65</b>
<b>Fylgiskjöl</b> .....	<b>67</b>
<i>Tafla 2. Listi yfir sýni.</i> .....	67
<i>Tafla 3. Listi yfir jarðlög.</i> .....	68
<i>Tafla 4. Listi yfir grafir í garðinum.</i> .....	70
<i>Tafla 5. Listi yfir varðveislu beinagrinda</i> .....	71
<i>Tafla 6. Listi yfir jarðfundna grip.</i> .....	72
<i>Tafla 7. Ljósmyndaskrá 2012-2013</i> .....	74
<i>Harris Matrix flæðirit sem sýnir afstöðu grafa</i> .....	74
<i>Harris Matrix flæðirit sem sýnir afstöðu jarðlaga</i> .....	104



Mynd 1. Yfirlitsmynd af bæjarstæðum Stóru-Seylu. Vinstra megin við miðja mynd er núverandi íbúðarhús. Fyrir miðri mynd, vinstra megin við lækjargil, má sjá leifar súrheyshlöðu og kofa á bæjarstæði Seylu frá seinni hluta 11. aldar. Ljós. Hjalti Pálsson.

## Inngangur

Sumurin 2010-2013 fór fram uppgröftur á 11. aldar kirkjugarði og kirkju í landi Stóru-Seylu á Langholti í Skagafirði. Uppgröfturinn markaði upphaf annars áfanga rannsóknar Byggðasafns Skagfirðinga á fornum kirkjugörðum og kirkjum í Skagafirði, *Skagfirsku kirkjurannsókninni*. Undanfarin ár hefur áherslan verið á gagnasöfnun, bæði úr ritheimildum en einnig með vettvangsskráningu og könnunaruppgröftum í meinta kirkjugarða. Á Seylu var ætlunin að gera heildstæða rannsókn kirkjugarðs sem yrði samanburðarefni við könnunarrannsóknirnar og 11. aldar kirkjugarð í Keldudal í Hegranesi sem einnig grafinn hefur verið upp í heild sinni.

Rannsóknin er unnin í samstarfi við hóp bandarískra sérfræðinga sem hafa undanfarin áratug stundað jarðsjár- og fornleifarannsóknir í Skagafirði undir merkjum *verkefnisins Skagafjörður Archaeological Settlement Survey (SASS)*. Eldri kirkjugarðurinn á Seylu kom í ljós við rannsóknir hópsins á elsta bæjarstæði Seylubæjar sem liggur í sléttlendi neðan nokkuð brattrar brekku en Seylubær stóð ofan þessarar brekku fram yfir miðja 20. öldina þegar hann var hann færður þangað sem hann stendur nú.

Alls komu 18 manns að uppgreftrinum 2012-13, þar af 11 sérfræðingar og sjö namar. Þátttakendur voru: Douglas Bolender, John Steinberg, Brian Damiata, John Schoenfelder, Kimmarie Murphy, Sólborg Una Pálsdóttir, Margrét Hallmundsdóttir, Kathryn Catlin, Jakob Orri Jónsson, Lísabet Guðmundsdóttir, Hannah Smith, Myra Eckenhoff, Eric Johnson, James Carter, Julie Powers auk starfsmanna byggðasafnsins Guðnýjar Zoëga, Guðmundar St. Sigurðarsonar og Bryndísar Zoëga.

Verkefnið hlaut styrk úr Fornleifasjóði og síðar Fornminjasjóði en auk þess fengust styrkir frá bandaríska vísindasjóðnum (National Science Foundation) og ferðasjóði Kenyon háskóla, Ohio.

Við kunnum landeigendum á Stóru-Seylu, Steinunni Fjólu Ólafsdóttur og Guðmundi Þór Guðmundssyni okkar bestu þakkir fyrir velvilja og aðstoð við rannsóknina.

Rannsóknarnúmer útgefin af Minjastofnun voru: 2012-42 og 2013-47

## **Skagfirska kirkjurannsóknin**

Skagfirska kirkjurannsóknin er rannsókn á vegum Byggðasafns Skagfirðinga sem hófst árið 2007. Á undanförunum árum hafa komið í ljós leifar nokkurra áður óþekktra fornra kirkna og kirkjugarða í Skagafirði. Auk þess hefur, við frekari rannsóknir, komið í ljós fjöldi heimilda um fornleifar og beinafundi sem bent gætu til kristinna grafreita. Þessi fjöldi kirkjugarða hefur komið á óvart og í ljósi þess hve fátt er í raun vitað um fjölda og staðsetningu kristinna grafreita og kirkna frá elstu tíð var ákveðið að ráðast í héraðsbundna rannsókn.

*Helstu markmið Skagfirsku kirkjurannsóknarinnar:*

- Að staðsetja og kanna umfang og eðli elstu finnanlegu kirkju- og kirkjugarðsleifa með heimildarannsókn, jarðsjármælingum og vettvangsskráningu.
- Að staðfesta hvort grafið hefur verið í garðana og kanna varðveislu á beinum.
- Að greina aldur kirkjugarða með gjóskulaga- og C<sup>14</sup> greiningum.
- Að koma upp landupplýsingagrunni með: Uppmælingum kirkna/kirkjustaða úr fornleifaskrá, landa- og sóknarmörkum og öðrum viðeigandi upplýsingum.

Nú er að mestu lokið fyrsta áfanga verkefnisins sem er úttekt kirkjustaða og hefur áherslan verið á að staðsetja og grafa könnunarskurði í meintar fornar kirkjugarðsleifar til að staðfesta tilvist þeirra. Uppgröfturinn á Stóru-Seylu er hluti annars áfanga rannsóknarinnar sem miðar að því að kanna nánar heildstæðan 11. aldar kirkjugarð þar sem efri tímamörk eru vel afmörkuð. Leifar eldri kirkjugarðsins á Seylu mjög heppilegt viðfangsefni þar sem að:

- Engar seinni tíma byggingar lágu ofan á kirkju og garði.
- Mjög stutt (um 20sm) voru niður á yfirborð garðsins.
- Garðurinn var ekki í túni.
- Grafirnar lágu a í þurrum, léttum fokjarðvegi sem auðveldaði uppgröf.
- Varðveisla beina var góð.

## Fornleifarannsókn á Stóru-Seylu

Lagt var upp með nokkrar grundvallar spurningar við upphaf rannsóknarinnar. Heildaruppgröftur kirkjugarðs býður upp á annarskonar túlkun en rannsókn með könnunarskurðum og uppgröftur grafreita í tengslum við hverskyns framkvæmdir. Var það von rannsakenda að kirkjugarðurinn á Seylu gæti bætt í brotakenndari niðurstöður fyrsta hluta Kirkjurannsóknarinnar.

*Helstu rannsóknarspurningar:*

1. Hversu gamall er garðurinn, hvenær er byrjað að grafa í hann?
2. Hversu margir eru grafir þar.
3. Hver er lýðfræði garðsins? (Garðurinn er einn hinna fjölmörgu heimiliskirkjugarða sem Skagfirska kirkjurannsóknin hefur staðfest og beinasafnið í garðinum gæti gefið sýn inn í fjölda einstaklinga, samsetningu og lífsviðurværi 11. aldar heimilis innan mjög afmarkaðs tímaramma).
4. Er garðurinn kynskiptur, þ.e. konur norðan til í garði og karlar sunnan til?
5. Má sjá mun á þjóðfélagsstöðu eftir umbúnaði og legu grafa?
6. Hverrar gerðar var kirkjan og hvenær var hún reist?
7. Eru grafir og greftrunarsíðir með svipuðu sniði og í Keldudal (heillegasta 11. aldar kirkjugarði sem grafinn hefur verið í Skagafirði)?



8. Er frá upphafi einhver siður eða fyrirmæli um hvernig grafa átti í elstu garða (eins og rannsóknir hafa gefið vísbendingu um) eða eru greftrunarsiðir mismunandi?
9. Hverrar gerðar er kirkjugarðsveggurinn? Hefur hann verið hlaðinn um leið og farið er að grafa í garðinn eða er hann seinni tíma mannvirki?
10. Er kirkjan byggð áður en farið er að grafa í garðinn eða er hún byggð seinna?
11. Er hægt að greina grafir/einstaka beinagrindur með jarðsjártækninni?
12. Hvert var samspil kirkjugarðs og annarra bygginga á bæjarstæðinu?



Mynd 2. Horft til norðausturs yfir uppgraftarsvæði á Stóru-Seylu. Eldri kirkjugarðurinn er hægra megin á svæðinu.

## Söguágrip

Seyla er gamalt höfuðból og samkvæmt bréfi frá 1406 þar sem landamerkjum Seylu er lýst, náði jörðin yfir land Grófargils, Litlu-Seylu og Melkots auk heimajarðarinnar.<sup>1</sup> Jörðin hefur verið í bændaeign í gegnum tíðina og þar hafa setið margir af fyrirmönnum Skagfirðinga.<sup>2</sup> Seylu er fyrst getið í Sturlungu en þar segir frá er Oddur Þórarinsson sem veginn hafði verið í Geldingaholti var færður til greftrunar í Seylu árið 1255; „Menn Odds fluttu líkama hans upp

<sup>1</sup> Íslenskt fornbréfasafn III, bls. 711-712.

<sup>2</sup> Byggðasaga Skagafjarðar II, bls. 305.

til Seylu – ok grafinn þar síðan undir kirkjugarðinum, - en þó var engi gröftr at þeiri kirkju – og svá langt inn undir kirkjugarðinn“.<sup>3</sup> Hvort þetta þýðir að menn hafi talið að það hafi yfir höfuð ekki verið greftrað við Seylukirkju eða hvort hætt væri að grafa þar skal ósagt látið. Ljóst er þó að ekki er átt við eldri kirkjugarðinn þar sem að hann var hulinn 1104 gjóskunni og engin merki yngri grafa.

Í Auðunarmáldaga frá 1318 segir að prestur frá Geldingaholti taki 4 merkur í leigu frá Seylu.<sup>4</sup> Það er sama gjald og tekið var fyrir að þjónusta á alkirkjum og kann að vera að þá hafi alkirkja verið á Seylu.<sup>5</sup> Kirkjan kann að hafa lagst niður um tíma því kirkjunnar eða prestskyldu er ekki getið þegar jörðin var seld um eða fyrir árið 1406.<sup>6</sup> Bænhús er hinsvegar nefnt í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín; „Hjer er bænhús og tíðir veittar af prestinum á Glaumbæ, þegar heimamenn eru til sacramentis“.<sup>7</sup> Bænhússins er einnig getið í *Sýslu- og sóknalýsingum* en þar segir að enn sjái aurmál þess sunnanvert við bæinn.<sup>8</sup> Síðar var kirkjunni breytt í hesthús sem stóð fram á 20. öld. Kirkjan stóð á hólum er kallaður var Kirkjuhóll.

### Yfirlit yfir fyrri fornleifarannsóknir

Fornleifaskráning fór fram á Stóru-Seylu árið 2004.<sup>9</sup> Alls voru skráðar 49 minjar en fæstar þeirra eru lengur sýnilegar á yfirborði. Árið 2008 komu fram umfangsmiklar byggingaleifar á sléttlendi neðan og austan eldra bæjarstæðisins. Könnunarskurðir leiddu í ljós byggingar sem höfðu verið aflagðar fyrir 1100.<sup>10</sup> Engin merki byggingaleifa sáust á yfirborði og engar ritaðar heimildir voru um tilvist þessa forna bæjarstæðis. Í framhaldinu fóru fram víðtækari rannsóknir á svæðinu sumarið 2009 en þá var hreinsað um 35m langt og 30m breitt svæði. Þar var komið niður á yfirborð bygginga beint undir grasrót.



Mynd 3. Jarðsjármynd sem sýnir kirkjugarðsvegg og kirkjutóft á Kirkjuhóli. Birt með leyfi SASS.

3 Sturlungasaga I, bls. 51.

4 Íslenskt fornbréfasafn II, bls. 467.

5 Sigríður Sigurðardóttir 2012, bls. 21.

6 Byggðasaga Skagafjarðar II, bls. 306.

7 Jarðabók Árna og Páls 9. bindi, bls. 90.

8 Sýslu- og sóknalýsingar, bls. 66.

9 Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga 2004.

10 Bolender o.fl. 2009



Þar fundust leifar líklega tveggja skála og auk annarra húsa og mannvistarleifa frá 9.-11. öld. Ljóst var að bæjarstæðið var aflagt á þessum stað fyrir 1104 og fært ofar í landið þar sem bærinn stóð fram á 20. öld. Þegar jarðsjármælingatækjunum var rennt yfir sunnanvert svæðið sem hafði verið opnað 2009 kom í ljós veggjabrot sem virtist liggja í hálfhring umhverfis ferkantaða byggingu. Uppgraftarsvæðið var þá stækkað til suðurs og jarðsjármælt aftur og kom þá í ljós hringlaga mannvirki um 16m í þvermál og fyrir miðju hringins lítil ferköntuð bygging. Útlit minjanna kom heim og saman við hefðbundna gerð fornra kristinna kirkjugarða. Þessi uppgötvun varð um það leyti sem að rannsóknir Byggðasafnsins á meintum kirkjugarði á Kirkjuhóli áttu að hefjast. Sótt var um leyfi til að rannsaka einnig hringlaga mannvirkið á neðra bæjarstæðinu.

Könnunarskurðir voru teknir í báða meintu kirkjugarðana og reyndust þeir vera leifar kristinna grafreita. Efri garðurinn hefur verið tekinn í notkun á seinni hluta 11. aldar eða við upphaf þeirrar 12. Ekki var hægt að fullyrða um hvenær hann hefur verið aflagður en sé eitthvað að marka frásögn Sturlungu hefur ekki verið greftrað þar um miðja 13. öld. Ein gröf kom fram í skurðinum og var hreinsað upp úr vestari enda hennar sem stóð út úr skurðsniði. Varðveisla beina þar var hinsvegar mjög slæm. Útlínur höfuðkúpu voru greinanlegar en tannkrónur voru það eina sem eftir var heillegt. Um var að ræða gröf stálpaðs barns.

Gjóska úr Heklu H1104 lá í nokkurn veginn sléttu plani sem bendir til að búið hafi verið að slétta úr öllum mannvirkjum þar áður en gjóska féll. Líklega hefur garðurinn lagst af um svipað leyti og bæjarstæðið. Gjóska markaði efri aldursmörk garðsins þannig að allar grafir eða aðrar leifar sem þar kynnu að finnast var hægt að tímasetja til 11. aldar eða fyrr.<sup>11</sup>

Í neðri garðinum komu fram útlínur nokkurra grafa uppi við kirkjugarðsvegginn sunnanverðan. Ein grafanna var opnuð og var í henni vel varðveitt beinagrind karlmanns.<sup>12</sup>

### **Uppgröftur – aðferðarfræði**

Við uppgróftinn var notað svokallað single-context einingakerfi. Hvert jarðlag var grafið sérstaklega, mælt upp með alstöð, því lýst og það ljósmyndað. Grafir voru skilgreindar sem ein eining, bæði niðurgröftur og fylling í þeim. Gryfja frá 11. öld var einnig metin sem ein eining

11 Bolender o.fl. 2009, Guðný Zoëga 2009.

12 Guðný Zoëga, 2009.

Þar sem að Númer jarðlaga í kirkjugarðinum er framhald jarðlagalista úr Seylu rannsóknum SASS hópsins sem fram fór sumarið 2009.

Yfirlitsmyndir voru teknar af garðinum úr flugdrekka við lok rannsókna bæði árin. Myndir voru einnig teknar með myndavél sem fest var við langa stöng og voru þannig teknar lóðréttar myndir sem síðan voru hnitsettar. Steinar í kirkjugarðsveggnum voru teiknaðir upp af uppréttum myndum sem og beinagrindur í gröfum.

Öll jarðlög voru mæld með alstöð og gögnin unnin í ArcGis. Ljósmyndaskrár og listar eru geymdir í Exel/Access grunnum. Stafrænum gögnum, ljósmyndum og öðrum uppgraftargögnum verður skilað inn til Minjastofnunar og Þjóðminjasafns að rannsókn lokinni. Mannabein voru hreinsuð og frá þeim gengið í umbúðir sem samþykktar eru af forvörsludeild Þjóðminjasafns Íslands. Gripir voru forvarðir af forvörðum á Þjóðminjasafni Íslands samkvæmt samningi þar um.

Við aldursgreiningu minjanna er stuðst við gjóskulög. Gjóskulög hafa verið greind víða í Skagafirði þar á meðal á Stóru-Seylu.<sup>13</sup> og er stuðst við þær greiningar við mat á gjóskulögum úr garðinum. Fyrst er að nefna tvö ljós forsöguleg gjóskulög úr Heklu, H2 og H3. Þar sem grafirnar hafa verið teknar í gegn um þessi lög eru fyllingar í gröfum með ljósum skellum sem gerir útlínur þeirra auðgreinanlegri á yfirborði. Landnámslagið svokallað sem féll um 872, er grænleitt og að sama skapi nokkuð áberandi í graffyllingum. Ofan þess er þunnt grágrænleitt gjóskulag sem enn á eftir að greina nákvæmar en miðað við þykkt og legu í jarðvegi er líklega um að ræða gjóskulag úr Vatnajökli (Vj~1000) sem féll einhvern tímann um aldamótin 1000 e. Kr. Ofan þess er hvítt fremur þykkt gjóskulag úr Heklu sem féll 1104 e.Kr. (H1104). Þetta lag er vel greinanlegt víða í Skagafirði og má sökum litar og þykktar, telja leiðarlag við fornleifarannsóknir. Þetta lag lá óhreyft yfir öllu rannsóknarsvæðinu. Ofan þess var svo að finna annað Heklulag sem einnig er vel greinanlegt í Skagafirði en það féll 1300 e.Kr.(H1300).

Í skýrslunni og á viðeigandi teikningum koma númer jarðlaga fram í hornklofa. Í skýrslunni eru grafir auðmerkta með hlaupandi númerum en ekki með eininganúmerum. Þetta er gert til glöggvunar en eininganúmerin eru í jarðlagatöflu aftast í skýrslu.

---

<sup>13</sup> Magnús Á. Sigurgeirsson 2010.



Mynd 4. Afstöðumynd sem sýnir legu minja á eldri bæjarstæðum Seylu.

### Lýsing svæðis

Áður en núverandi íbúðarhús var reist á 20. öld var bæjarstæðið á flatlendi ofan brekku, um 300m norðaustan núverandi bæjarhúsa. Nú er búið að slétta úr gamla bænum en enn standa þar þó leifar steinsteyprtar súrheyshlöðu. Bæjarlækurinn hefur runnið í boga norður fyrir bæinn og tóftir fjárhúsa eru vestan lækjar. Um 20m sunnan útmarka gamla bæjarstæðisins er hringlaga hóll kallaður Kirkjuhóll. Grafið var í hann 2009. Eldri garðurinn sem fannst sumarið 2009 lá um 100m norðaustan hans. Við frekari rannsóknir á neðra bæjarstæðinu hafa komið fram umfangsmiklar mannvirkjaleifar sem eru, fyrir utan fjárhús- og hlöðutóft, allar frá því fyrir 1104 og nokkrar sannanlega komnar úr notkun fyrir 1000. Ein bygginganna var með augljósu skálalagi en ofan á henni lá ferköntuð bygging sem enn á eftir að ákvarða nánar hvaða tilgangi hefur þjónað. Óvíst er hvort kirkjugarðurinn hefur verið samtíða skálanum eða ferköntuðu byggingunni en hann liggur um 5m sunnan þeirra.

## Uppgröftur 2012-2013

Uppgröfturinn á Seylu stóð yfir í fjórar vikur sumarið 2012. Þar sem svæðið hafði áður verið opnað 2009 til að jarðsjármæla það, var jarðvegsdúkur undir grasrót. Grafið var niður að honum og hann fjarlægður. Einnig var enduropnaður könnunarskurður sem tekinn var í garðinn 2009 en þá var grafin þar upp gröf (gröf nr. 1) sem í var óhreyfð beinagrind. Hreinsun ofan af jarðvegsdúki og hreinsun úr könnunarskurðinum fóru fram með aðstoð vélgröfu en annar uppgröftur fór fram með handverkfærum. Hreinsað var ofan af svæðinu allt að 30cm þykkt fokmoldarlag [101] niður að H1104 sem lá yfir öllu svæðinu. Síðan fór fram frekari jarðsjármæling á hreinsuðu yfirborði garðsins til viðbótar fyrri mælingum. Mælingarnar virtust gefa til kynna fremur fáar grafir innan garðs, annarsvegar nokkrar grafir við suðurhlið kirkjugarðsveggjarins og mögulega þrjár, fjórar grafir í norðanverðum garðinum.

Árið 2013 varði uppgröftur á Seylu í fjórar vikur, auk viku sem fór í frágang og lokun svæðisins. Uppgröftur hafði verið áætlaður eitt sumar í viðbót en tók minni tíma sökum þess hve grafir voru fáar og að stór hluti þeirra hafði verið tæmdur þegar á 11. öld. Grafir, kirkja, kirkjugarður og gryfja sem hafði verið tekin þegar bein voru fjarlægð lágu ofan á eða voru grafin ofan í eldri mannvistarleifar, líklega leifar túngarðs, útihúss og mögulega smiðju. Ekki var ætlunin að kanna aðrar leifar en þær sem tilheyrðu kirkju og garði. Þar sem að kirkjusmiðir, grafarar 11. aldar höfðu grafið þvers og kruss í gegn um byggingaleifarnar var þó nokkrum jarðlögum sem sáust í sniðum, og sem bæta í túlkun staðarins, gefin númer þó svo að þau væru ekki grafin frekar [416, 418, 419, 420, 427 og 429].

### Lýsing jarðlaga<sup>14</sup>

Töluverð vinna var að fjarlægja nánast óhreyfðan fokjarðveg sem lá yfir garðinum. Þar sem garðurinn lá neðst í aflíðandi brekku var fokmoldarlagið [101] ívið þykkara efst (vestast) á svæðinu, um 40cm þykkt, en neðst (austast) var það rétt um 15cm þykkt. Hvítt gjóskulag, H1104, lá yfir svæðinu öllu. Á nokkrum stöðum lá það sem nokkuð þykkt (1-2cm þykkt) óhreyft lag neðst í fokmold en sumstaðar var það blandað fokmoldinni sem bendir til umferðar um svæðið. Hinsvegar voru fremur lítil merki mannvistar í fokmoldinni ofan gjóskunnar og engin merki bygginga ofan þess. Fokmoldarlag [101] lá einnig undir H1104 laginu, líklega 1-4cm þykkt, en sökum þess hve H1104 var rótað var erfitt að ákvarða þykkt þess og aðgreina það

<sup>14</sup> Sjá töflu 3 með lista yfir jarðlög á bls. 68 og Harris Matrix flæðirit með afstöðu jarðlaga á bls. 104..

frá fokmoldarjarðvegi ofan á. Fokmold ofan og neðan H1104 fær því sameiginlega númerið [101] þó svo að í meðfylgjandi Harris Matrix sé það sýnt undir H1104 til glöggvunar.


### **Kirkjugarðurinn**

Kirkjugarðurinn hefur verið afmarkaður með kirkjugarðsvegg og að innanmáli var hann rétt um 14,0m frá norðri til suðurs og um 15,5m frá austri til vesturs. Garðurinn var því hringlaga eða eilítið sporöskjulaga. Yfir öllum mannvistarlögum innan garðs, öðrum en kirkju, kirkjugarðsvegg og 11. aldar gryfjunni lá þunnt grágrænt gjóskulag. Lagið lá undir H1104 gjóskunni en yfir Landnámslaginu og er líklega um að ræða lag sem að greint hefur verið sem gjóska úr Vatnajökli frá því um aldamótin 1000 (Vj~1000).<sup>15</sup> Gjóskan lá undir rótuðu yfirborðslagi með fokmold og H1104 [101] nema í gólfi kirkjunnar, þar var einnig móösku- og ruslslag [382] ofan á gjóskunni. Undir gjóskunni var síðan móöskulag [386] sem var þéttara og einsleitara en lag [382]. Lag [386] var þéttast í og austan kirkjunnar en þynnra út við kirkjugarðsveggina. Í fyrstu var þetta móöskulag tengt við leifar smiðju sem fundust undir kirkjunni austanverðri en það virtist hinsvegar liggja ofan á torfvegg [416] sem túlkaður var sem veggur tengdur smiðjunni sem lá undir kirkjunni. Svæðið virðist hafa verið nokkuð flatt þegar að gjóskan féll en þó hefur verið dálítlar dældir eða lækun í landslagi þar sem að suðvestur horn kirkjunnar var. Svo virðist sem móösku, ösku, kolum og öðru rusli hafi verið komið fyrir til að slétta undir gólf kirkjunnar. Þetta móöskulag [382] myndaði þétt lag sem stoðarhola [389] var grafin í gegn um og sem myndaði sléttan flöt undir suðurhlið kirkjunnar. Það virtist því sem að lagið hafi verið sett til sléttunar undir vegghleðslur kirkjunnar.

### **Kirkjugarðsveggurinn**

H1104 lá sumstaðar beint ofan á mannvistarlögunum sem tengjast kirkjugarðinum, þó mátti greina örlitla fokmold [101] milli þeirra og gjóskunnar á köflum. Beint undir því lagi kom fram einfalt grjótlag sem hefur verið undirstaða kirkjugarðsveggjarins [334]. Grjótlagið var greinanlegt í boga frá norðri til suðurs en vesturhluti hans var óleggri. Innri brún veggjarins var afmörkuð með röð stæðilegri steina en annars var grjótið í undirstöðunni fremur smátt, tætingslegt og ekki eiginlegt hleðslugrjót. Vera kann að meira grjót hafi verið í undirstöðunni en að það verið fjarlæggt til endurnýtingar. Garðurinn hefur þó ekki eingöngu verið grjóthlaðinn þar sem að innan um steinana og inn í garðinn lá lag af rótuðu torfi sem hefur tilheyrð vegghleðslunni en ljóst var að mest allt torf hafði verið fjarlæggt úr veggnum. Það mátti greina

<sup>15</sup> Magnús Á Sigurgeirsson, 2010.



Mynd 5. Yfirlitsteikning af kirkjugarðinum sem sýnir efstu jarðlög í honum. Númer jarðlaga eru í hornklofum.

á því að hvergi var sýnilegur eiginlegur torfveggur og magn rótaða torfsins innan garðs og utan virtist ekki nægjanlegt til að garðurinn hefði verið sléttaður, í það minnsta hefur hann ekki verið ýkja hár. Um metra breitt rótað torflag [379] úr kirkjugarðsveggnum lá innan veggjabogans þar sem hann var greinilegastur. Þetta lag var aðeins nokkurra sentimetra þykkt og vantaði alveg á parti í vesturhluta garðs. Hvíta H1104 gjóskan lá óhreyfð, sumstaðar í þykkum bunkum, á milli steinanna í hleðslunni og hún hefur blásið upp að grjóthleðslunni í innanverðum veggnum og hún lá einnig yfir rótaða torfinu [379]. Veggurinn hefur því þegar verið farinn þegar gjóskan féll en það virðist hafa verið nýskeð þar sem að gjóskan hefur fallið innan um steinana neðst í vegghleðslunni þegar þeir hafa enn verið sýnilegir á yfirborði. Ljóst var að steinarnir í kirkjugarðsveggnum lágu ofan á Vj~1000 gjóskunni og er hann því reistur eftir þann tíma en



aflagður fyrir 1104. Sumir steinanna virðast hafa verið grafnir ofan í móöskulagið [382] undir gjóskunni, líklega hefur það verið gert til að rétta þá af undir veggjunum.

Um tveggja metra bil var á garðinum norðvestanverðum. Vestan þess varð garðurinn svo óverulegri. Í þessu bili var einfalt steinalag [412], líkast stétt sem lá til norðurs frá garðinum. Þarna hefur verið hlið og steinlögð stétt legið frá kirkjugarðinum til norðurs, líklega að samtíma íveruhúsi.

### Kirkjan

Fyrir miðju garðs, beint undir lagi [101], komu fram ummerki kirkjubyggingarinnar sem sást á jarðsjármyndinni. Byggingin hefur verið lítil, rétt um 2m á breidd og 2,7m á lengd. Engin ummerki voru um kór á kirkjunni. Kirkjan hefur verið úr timbri með niðurgröfnum hornstoðum [stólpahús]. Stoðarholurnar voru fjórar og voru glöggar á yfirborði þar sem þær komu fram sem hringlaga sandpyttir. Dálítill sandur hafði svo smitast út fyrir holurnar. Holurnar voru allar svipaðar að stærð og gerð.



*Hola SA horn [384]*



*Hola NA horn [385]*



*Hola NV horn [388]*



*Hola SV horn [389]*

1. Holan í suðaustur horni [384] var um 55x45cm að þvermáli og 40cm djúp. Hún var grafin í gegn um þykk móösku-, kola- og torflög [382 og 386]. Steinhella hefur legið undir stoðinni í botni holunnar og steinum hlaðið utan um hana. Hliðar holunnar voru íhvolfar og var botn hennar nokkru breiðari en yfirborð holunnar um 60cm að þvermáli. Botn holunnar var nánast hringlaga en á yfirborði var hún óreglulegri. Holan var full af sandi og hluti steinanna umhverfis stoðina hefur verið úr sandsteini sem molnuðu auðveldlega.
2. Holan í norðausturhorni [385] var um 50x45cm á yfirborði og um 40cm á dýpt. Hún var grafin í gegn um þykk móösku- og kol- og torflög [382 og 386]. Lögum á yfirborði var óregluleg en líkt og [384] voru hliðar holunnar íhvolfar og botn meira hringlaga allt að 60cm að þvermáli. Flatur steinn var í botni holunnar og steinhleðsla umhverfis hann.

Dálitlar timburleifar var enn að finna í holunni og voru þær teknar sem sýni. Hluti steinanna í holunni var sandsteinn og holan var full af sandi.

3. Holan í norðvesturhorni [388] var um 40x45cm á yfirborði og um 40cm á dýpt. Hún var grafin í gegn um móösku-, og kola- og torflög [386]. Hliðar holunnar voru íhvolfar og þvermál holunnar í botni um 60cm og reglulegri en á yfirborði. Í botni holunnar var flatur steinn sem stoðin hefur staðið á og steinar hafa verið lagðir upp á rönd umhverfis hana. Engar leifar fundust hinsvegar af stoðinni sjálfri. Holan var full af svörtum sandi með íblönduðum stærri molum af grænleitem sandsteini.
4. Holan í suðvesturhorni [389] var mjög óregluleg á yfirborði og einnig í botni. Hún var um 30x40cm að stærð og um 30cm á dýpt og óregluleg á yfirborði. Stór steinn var í norðurhlið holunnar þannig að ekki var hægt að ákvarða nákvæmlega breidd botnsins. Flatur steinn var í botni og steinar upp á rönd umhverfis hann. Holan hefur verið grafin í gegn um móöskulag [386] en einnig í gegn um lagskipt torf, e.t.v. úr vegg undirliggjandi byggingar.



Mynd 6. Unnið við uppgröft kirkjrunnsins.

Flatir stórir steinar lágu á milli stoðarholanna og hafa verið undirstaðan undir timburveggina í norður og suður langhliðum. Samskonar steinaröð var ekki greinanleg við vestur- og austur skammveggi. Nokkra steina vantaði í suður langvegg byggingarinnar. Vera kann að þeir, og mögulega steinar úr skammveggjum hafi verið fjarlægðir þegar kirkjan var tekin niður eða þegar

grafir voru fjarlægðar úr kirkjugólfinu. Engin ummerki voru um torfveggi umhverfis timburbygginguna. Ólíklegt er að engar torfleifar hefðu fundist í og við hleðsluna undan kirkjuveggnum en torfrót var inn á milli og umhverfis steina og í grunni kirkjugarðsveggjarins þar sem torfið hafði verið fjarlægt.

Ekkert eiginlegt gólflag fannst í byggingunni. Innan hennar var nokkurra sentimetra þykkt rótað lag [390] með flekkjum af Landnámslaginu. Í þessu lagi fundust timburleifar sem teknar voru sem sýni. Einnig fundust nokkrar lausar tennur úr fullorðinni manneskju. Fundur tannanna kom nokkuð á óvart en við frekari hreinsun lagsins komu í ljós tveir bogadregnir niðurgreftir

við austur skammhlið kirkjunnar sem líktust gröfum. Það virtist því fyrst sem ein, eða e.t.v. tvær grafir hafi legið undir gólfi kirkjunnar og rótaða torflagið [390] líklega tengt uppmokstri úr þeim. Neðst í því lagi [390] var flekkur af því sem virtist augljós uppmokstur [401] úr grafarfyllingu með stórum flekkjum af H3 gjóskunni. Grafirnar höfðu verið teknar í móöskulögin [382 og 386] undir kirkjunni allri en vegna uppmoksturs grafanna var ekki hægt að greina hvort að þær hafa verið komnir þarna áður en kirkjan var reist eða hvort þær hafa verið teknar í gólf hennar.

Sumarið 2013 var það staðfest að tvær grafir hafa verið syðst í kirkjugólfinu en óhreyfð lög voru í norður helmingi gólfsins. Greinilegt var þó að búið var að moka burtu allan gólfflöt kirkjunnar við leit grafanna. Bæði móöskulagið [386] undir 1000 gjóskunni og móösku- og ruslalagið [382] yfir henni mynduðu þurran þéttan og sléttan grundvöll fyrir kirkjubygginguna. Því miður var gólf kirkjunnar umrótað vegna uppmoksturs úr gröfum nr. 18 og 19 syðst í kirkjugólfinu og því ekki hægt að taka sýni úr því. Vera kann að gólfið hafi í sjálfu sér ekki verið ýkja þykkt og ekki óhugsandi að það hafi verið timburgólf sem hefur legið beint ofan á móöskulögunum.

### **Byggingaleifar undir kirkju**

Töluverðar byggingaleifar fundust undir kirkjunni en rótað lag [390] í gólfi kirkjunnar var ekki upphaflegt gólflag. Í norður helmingi kirkjunnar undir rótuðu lögunum [390 og 401] var komið niður á samfellt lag af rótuðu torfi [419] í útihúsinu sem að lá undir kirkjunni. Engar grafir fundust þeim megin en tvær grafir (nr. 18 og 19) fundust syðst í kirkjugólfinu. Þær höfðu að því er virtist verið grafnar inn undir suður langvegg kirkjunnar en uppgröftur þeirra á 11. öld hefur valdið því að erfitt var að sjá tengsl grafanna við jarðlög umhverfis. Hafi grafirnar verið komnar áður en kirkjan var reist hafa þær legið undir sléttunarlöginu [382] undir suðurvegg kirkjunnar.

Þegar búið var að fjarlægja fyllingu úr gröf 18 í sunnanverðu kirkjugólfinu kom í ljós að hún hafði verið tekin í gegn um leifar byggingar, líklega útihúss. Efstu 40cm voru rótað torf [419] en lagskiptara torf sömu byggingar sást að hluta í sniðum grafar nr. 10 og 11. aldar gryfjunnar [380]. Í sunnanverðri gröf 18 virtist einnig lagskiptara torf sem líktist fremur torfi í vegg. Torflagið [419] undir kirkjugólfinu hefur þá verið rótað torf úr þekju og e.t.v. veggjum sem hefur verið ýtt inn á við til að fylla í tóftina. Undir rótaða torfinu [419] var svo um 8cm þykkt

gólflag [429]. Efri hluti gólfsins var fitugt, lagskipt lífrænt lag og virtist geta verið úr útihúsi. Neðri hluti gólfsins var með kolum, móösku, brenndum og óbrenndum beinum, líkara gólfi í




*Mynd 7. Heklugjóskan frá 1104 lá óhreyfð ofan á öllum mannvistarleifum í garðinum. Hvítu flekkirnir á miðri mynd eru leifar lagsins neðst í þykku fokmoldarlagi sem lá yfir öllu svæðinu. Þarna liggur gjóskan lægra en á svæðinu sem liggur næst á myndinni en þarna er bakki í landinu sem myndast hefur þegar stóra gryfjan [380] var grafin á 11. öld. Fjærst á mynd má sjá rauðbleik móöskulög sem lágu undir kirkjunni og í hægra horni efst eru grafirnar syðst í garðinum.*

mannabústað. Þó kann að vera að aska hafi verið borin í gólf einhvers skepnuhúss eða að um hafi verið að ræða gólf eða mannvistarlag tengt smiðjunni (sjá að neðan). Tekið var sýni úr gólfinu en annars voru lög [419 og 429] ekki grafin frekar. Þessi bygging virtist liggja undir kirkjunni allri og hafði stóra gryfjan [380] skorið í gegn um hana norðan og sunnan kirkjunnar. Byggingin gæti hafa legið austur vestur, upp brekkuna en erfitt er að fullyrða það. Sú túlkun var þó að hluta til staðfest með jarðsjármælingunum.

Austan kirkjunnar kom í ljós þétt dökkt kolablandið gólflag [427] sem í voru leifar brenndra og óbrenndra beina og smíðagjall. Gerð gólfsins og gjallið benda til að þarna hafi verið smiðja. Leifar torfveggjar [416] fundust fyrir miðju smiðjugólfsins. Stóra 11. aldar gryfjan og grafir nr. 10 og 20 höfðu hinsvegar verið grafin í gegn um bæði veggjatorfið og gólflagið og því var ekki hægt að ákvarða stærð eða gerð smiðjunnar með neinni vissu. Ljóst var þó að yfir veggnum og smiðjugólfinu lá móaska undir svargrænni gjósku, líklega Vj~1000.



Bæði útihúsið og smiðjan hafa því verið aflögð fyrir aldamótin 1000 og virðist svæðið hafa verið nokkuð slétt þegar að kirkjan og garðurinn voru sett þarna niður. Ekki var hægt að fullyrða með vissu hvor byggingin var eldri eða hvort þær hafa verið samtíða.



Mynd 8. Neðstu jarðlög í kirkjugarðinum, uppmælt grjótt (annað en lausasteinar í fyllingu gryffunnar [380]) og lega húss og garðlags sem fundust við hreinsun yfirborðs utan kirkjugarðs.

### Önnur jarðlög innan kirkjugarðs

Í vesturhluta garðsins, undir lagi [101] kom fram þunnt móóskulag [386] sem virtist liggja rétt neðan grænleitrar gjósku, líklega Vj~1000. Lagið lá yfir öllum garðinum og innundir kirkjugarðsvegginn. Það virðist því sem ógrafið hafi verið í vesturhluta garðsins. Jarðsjármælingar bentu auk þess til að engar grafir væru í vestanverðum garðinum.

Norðan, austan og sunnan kirkjunnar, beint neðan yfirborðslagsins [101], var komið niður á allt að 60cm þykkt rótað jarðlag [380] sem í var torfrót, flekkóttar moldarskellur með miklu af H3 gjóskunni sem einna helst líktist fyllingu úr gröfum, móaska, kol og annað rusl. Í þessu lagi fannst líka nokkur fjöldi tanna úr manneskjum, mannabeinabrot og smærri bein eins og handa- og fótabein og bein ungbarna auk ýmiss rusls, lausra steina og nokkurra járngripa. Þessi fjöldi mannabeina í torfróti kom nokkuð á óvart þangað til að ljóst var að hálfhring í kringum kirkjuna

var vel afmarkaður niðurgroftur sem virtist ná yfir stærsta hluta norður, austur og suðurhluta kirkjugarðsins. Niðurgrofturinn hófst 1,2m beint norður af stoðarholunni í norðvesturhorni kirkjunnar og lá í boga austur fyrir kirkjuna og endaði 1,3m beint suður af stoðarholu í suðvestur horni. Niðurgrofturinn var um 3m breiður allan hringinn. Þegar rannsakaðar voru nánar grafir sunnan kirkjunnar sem komið höfðu fram við uppgröftinn 2009 varð ljóst að búið var að fjarlægja meirihluta beina úr gröfunum. Þessi uppgröftur grafa hefur verið æði stórtækur þar sem að grafin hefur verið ein stór gryfja [380] á svæðinu sem menn hafa talið að grafir lægju. Augljóst var að grafið hefur verið niður þar til að komið hefur verið niður að miðju grafanna og þar hefur fínlegri aðferðum verið beitt til að grafa einstakar grafir og fjarlægja úr þeim lík eða beinagrindur. Þetta rótaða lag [380] er grafið upp sem ein heild enda hefur lítið upp á sig að reyna að greina gamlan uppmokstur til laga.


### **Elleftu aldar uppgröfturinn**

Gryfjan var að mörgu leyti áhugaverð og hafði mun meiri sögu að segja en ætla mætti. Sjá mátti af ummerkjum að byrjað hefur verið að grafa sunnan kirkju og komu þar í ljós fjölmörg för eftir spaða eða reku í náttúrulegum jarðlögum. Við upphaf uppgröftarinn hafa menn mokað nokkuð groddalega og augljóst var af stefnu rekufaranna að byrjað hefur verið um metra suður af suðvestur horni kirkjunnar og haldið áfram þaðan til suðurs. Fljótlega hafa menn þó komist að því að þegar komið var niður á landnámslagið hafi grafa ekki verið að vænta undir því. Útlínur grafa voru mjög augljósar í landnámslaginu þar sem graffyllingin var rauðleit laus mold, blönduð stórum flekkjum af gulu H3 gjóskunni en jarðvegurinn sem landnámsgjóskan var nokkuð dekkri og þéttari auk þess sem dökkgræn gjóskan var nokkuð áberandi. Samskonar rekuför voru miklu færri bæði austan og norðan kirkjutóftarinnar og botn gryfjunnar afmarkaðist þar með af landnámslaginu nema þar sem grafir höfðu verið teknar í gegn um það.

Augljóst var að grafafyllingar hafa oftast verið grafnar með öðrum jarðvegi þangað til að komið var niður á landnámslagið. Eftir það hafa einstaka grafir verið mokaðar upp og kann það að helgast af því að það var fyrst þá sem menn töldu grafirnar vel greinanlegar á yfirborði. Styst var niður á landnámslagið syðst í garðinum, rétt um 10cm undir yfirborði en dýpst um 50cm undir yfirborði nyrst í garðinum. Flestar grafirnar í garðinum hafa því líklega verið teknar í gegn um Landnámslagið og grafirnar sem fundust við rannsóknina því líklega nálægt heildarfjölda grafa. Það kann auðvitað að vera að einhverjar ungbarnagrafir hafi legið ofar í jarðvegi og ólögulegri niðurgreftir syðst í garði kunna að hafa verið vegna uppgröftar



barnsgrafa þó svo að grafarlag sæst ekki á þeim. Það verður þó að teljast líklegt að fundist hafi ummerki um allar grafir fullorðinna. Augljóst var að menn hafa haft einhverja hugmynd um hvar grafa hefur verið að leita. Einungis var grafið í kringum kirkjuna á þrjá vegu en ekki hefur enn verið farið að grafa í svæðið vestan hennar þegar hún var aflögð. Stærð gryfjunnar bendir þó til að menn hafi ekki talið sig vita um allar grafirnar eða að það hafi hreinlega farið minni tími í að grafa grafirnar upp á þennan veg heldur en að moka einstakar grafir upp.



Mynd 9. Flugdrekamynd sem sýnir 11. aldar uppgröftinn sunnan kirkju. Gulu örvarnar sýna stefnuna sem rekunni hefur verið stungið niður. Litlu holurnar á myndinni eru skófluför. Uppdráttur SASS/Douglas Bolender.



## Svæðið utan garðs



Mynd 10. Niðurgrafin bygging [431] í suðvestur horni uppgraftarsvæðisins. Horft í suðsuðaustur.

Hreinsað voru 3-6m svæði út frá útmörkum kirkjugarðs. Þetta var gert til að athuga hvort að grafir kynnu að leynast utan garðsins eða inn undir kirkjugarðsvegginn. Í kristnirétti Grágásar er vissum aðilum ekki ætlað leg innan kirkjugarðs. Þar var meðal annars um að ræða óskírða og átti það jafn við um börn og fullorðna. Ákvæði eru í Grágás um að menn væru skyldugir að kunna að beita skemmri skírni og nota þá kunnáttu þegar sýnt þótti að nýburar myndu ekki lifa nógu lengi til að fá prestþjónustu. Ungbarnagrafir hafa fundist fast utan kirkjugarðsveggjar við miðaldakirkjugarðinn að Hofsstöðum í Mývatnssveit sem gæti verið vísbending um að farið hafi verið eftir þessum lögum. Grafið var niður á Vj~1000 gjóskuna vestanvert á svæðinu en niður á landnámslagið sunnan og norðan garðs. Engin ummerki voru um greftrun utan garðs.

Við hreinsun svæðisins komu fram tvö mannvirki til viðbótar. Veggir byggingar [431] komu í ljós í suðvestanverðu horni uppgraftarsvæðisins, rétt um 2m utan kirkjugarðsveggjar. Byggingin var um 4x5m að utanmáli og virtust dyr hafa verið á henni til suðurs. Ekki er víst um hvernig mannvirki er að ræða en það virtist að hluta til geta verið niðurgrafið þannig að þarna kann að hafa verið um einhverskonar jarðhýsi að ræða. Einungis var hreinsað nóg ofan af mannvirkinu til að sjá lögum þess. Engin gjóska, önnur en H1104, lá



Mynd 12. Hluti garðlags [430] austan kirkjugarðs, horft í suður.



Mynd 11. Rótað lag [432] sunnan garðs. Horft í norður.

sannanlega ofan á veggjunum en byggingin hefur líklega verið eldri en kirkjugarðurinn. Rétt um metra austan kirkjugarðsveggjarins, austast á uppgraftarsvæðinu, kom svo fram um 8m langur veggur [430] sem lá frá norðri til suðurs. Veggurinn lá að hluta inn undir ógrafna svæðið austan garðs. Miðað við afstöðu til jarðlaga virtist garðurinn eldri en Vj~1000 gjóskan. Líklega er um að ræða hluta garðs sem kom fram vestan og ofan bæjarstæðisins við fornleifarannsóknirnar 2009. Tilgangur garðsins er óþekktur en hann hefur ekki umlukið stórt túnstæði miðað við legu garðbrotanna sem fundust.

Til suðurs frá suðurhluta kirkjugarðsveggjarins lá rótaður jarðvegur [432], líkastur uppmokstri. Vera kann að þarna sé um að ræða uppmokstur úr mögulegu jarðhýsi [431]. Lagið lá undir Vj~1000 gjóskunni. Einnig getur verið að þetta séu ummerki um að þarna hafi verið sléttað út svæði en bæjarstæðið liggur í dálitlum halla.



### Yfirlitsmynd að uppgreftri loknum 2012



Mynd 13. Mynd af kirkjugarðinum á Seylu við lok uppgraftar 2012. Ljós. SASS./John Schoenfelder.

Kirkjugarðsveggurinn er afmarkaður af einfaldri grjótlögn sem hefur verið í undirstöðu veggjarins. Sumstaðar vantar grjót í hluta veggjarins en það hefur líklega verið fjarlæggt og endurnýtt á einhvern hátt. Rétt vinstra megin fyrir miðju myndar efst má sjá leifar grjótlagðrar stéttar sem hefur legið milli húss og garðs. Hægra megin á myndinni má sjá hvíta flekki 1104 gjóskunnar sem hefur fallið yfir vegginn eftir að hann var fjarlægður. Fyrir miðju má sjá leifar kirkjubyggingarinnar, fjórar stoðarholur og röð flatra steina á milli þeirra í norður og suður langhliðum. Umhverfis veggina á þrjá vegu má sjá rauðbleiktmóöskulög [382 og 386]. Upp við kirkjugarðsvegginn efst á mynd má sjá grafir 6 og 7 en aðrar grafir (nr. 1-5) voru í þyrpingu syðst í garðinum.



### Yfirlitsmynd að uppgreftri loknum 2013



Mynd 14. Uppgraftarsvæðið við lok uppgraftar 2013. Ljós. SASS/John Schoenfelder.

Uppgraftarsvæðið að loknum uppgreftri 2013. Búið var að grafa að fullu 11. aldar gryfjunan [380]. Allt svæðið innan garðs sem gryfjan náði ekki til, var grafið niður að dökkgrænleitu, þunnu gjóskulagi undir Vj~1000. Undir því var misþykkt móöskulag sem kemur fram sem rauðleitur jarðvegur. Þessi móaska lá alls staðar í garðinum og virðist sem land þarna hafi verið slétt þegar að kirkja og garður voru sett þarna niður. Tvær grafir lágu beint sunnan kirkjunnar. Þær skárust í gegn um smiðjugólf sem sést norðan og sunnan grafanna. Í neðra horni myndarinnar til vinstri má sjá leifar byggingar, líklega jarðhýsis [431]. Leifar torfveggjar [430] sést að hluta í efra horninu til hægri.



Mynd 15. Afstöðuteikning af minjum á bæjarstæðinu sem aflagt er fyrir 1104.

- 1: Fjárhús og hlaða byggð eftir 1300.
- 2: Mannabústaður (?), fjós (?) eldra en H1104.
- 3: Mannabústaður(?) eldri en Vj~1000.
- 4: Útihús eldri en Vj~1000.
- 5: Skáli eldri en Vj~1000.
- 6: Hringlaga rétt, gripheldi eldra en H1104.
- 7: Kirkjugarður og kirkja 1000-1004.
- 8: Jarðhýsi eldra en Vj~1000 (?).
- 9: Túngarður (?) eldri en Vj~1000.
- 10: Ruslahaugur 900-1104.




### Tenging við aðrar byggingar á svæðinu

Kirkjugarðinn verður að skoða í samhengi við nálægar minjar. Jarðsjármælingar og fornleifauppgröftur hafa sýnt fram á nokkuð flókna og fjölbreytta byggingarsögu á bæjarstæðinu áður en það var aflagt á seinni hluta 11. aldar.<sup>16</sup> Leifar yngra fjárhúss og hlöðubyggingar (nr. 1 á mynd 15) lágu rétt norðvestan kirkjugarðsveggjarins og undir því hringlaga grjóthleðsla, líklega rétt, (nr. 2 á mynd 15) sem að hluta lá yfir ferhyrnu húsi (nr. 3 á mynd 15) sem líklega hefur, a.m.k. að hluta til verið samtíða kirkjugarðinum. Tilgangur þessa húss er ekki þekktur, en hafi þetta verið íveruhús hefur það verið fremur óvenjulegrar gerðar, ferhyrnt með útgöngum á stöfnum. Húsagerðin líkist fremur samtíma fjósbyggingum sem rannsakaðar hafa verið. Tilgangur hússins verður ekki skýrður nánar nema með frekari fornleifarannsókn. Þar undir lá, að hluta, skálabygging (nr. 5 á mynd 15) af hefðbundinni gerð með bogadregnum langveggjum og dyrum norðanvert á austur langhlið. Mögulegt er að stéttin úr kirkjugarðinum hafi legið að dyrum skálans. Þó verður ekki fullyrt hvort skálinn hafi verið samtíða kirkjugarðinum því að ofan á honum lágu bæði leifar ferkantaða hússins og réttarinnar (nr. 6 á mynd 15) sem bæði voru aflögð fyrir 1104. Rétt um fimm metrar voru frá innganginum í kirkjugarðinn að húsunum norðan hans en engar byggingaleifar fundust hinsvegar ofan á kirkjugarðinum sjálfum. Garðlag (nr. 9 á mynd 15) virðist hafa umlukið bæjarstæðið á 10 öld en garðurinn hefur verið sléttaður eða fallinn fyrir 1000. Fyrir utan útihús sem reist hefur verið eftir 1300 (nr. 1 á mynd 15) virðast öll mannvirki á svæðinu hafa verið aflögð fyrir aldamótin 1100. Kirkjan hefur verið reist á eldri byggingum, líklega útihúsi og smiðju. Hvort útihúsið og smiðjan voru eldri var ekki staðfest en búið hefur verið að slétta úr báðum byggingunum fyrir aldamótin 1000.

<sup>16</sup> Sjá uppgraftarskýrslu Douglas Bolender ofl. 2009.

## Jarðsjármælingar



Mynd 16. Jarðsjármynd af eldri kirkju og kirkjugarði. Rauðu blettirnir eru steinar neðst í kirkjuveggjum og kirkjugarðsvegg. Efst til vinstri á myndinni má sjá vísbendingar um stéttina sem lá úr kirkjugarði yfir í íveruhúsið. Birt með leyfi Brian Damiata/SASS.

Hluti rannsóknanna var að bera saman niðurstöður jarðsjármælinga og niðurstöður uppgraftarins. Á þann hátt var hægt að vega og meta hvernig lesa má á áreiðanlegri hátt úr þeim upplýsingum sem fást við mælingar. Notast var bæði við radarjarðsjármælingar (GPR) og segulsviðsmælingar (EM). Uppgröfturinn á neðri kirkjugarðinum á Seylu var til kominn vegna þess að kirkjugarðsveggurinn og kirkjan komu fram við GPR og EM mælingar á svæðinu sunnan við víkingaaldar bæjarstæðið. Lögum kirkjugarðs og kirkju gerir það að verkum að þau eru fremur auðgreinanleg. Það voru leifar grjóthleðslunnar neðst í garðinum og kirkjuveggjunum sem komu fram. Hefði grjót ekki verið í undirstöðum og í stoðarholum er óvíst að garðurinn hefði fundist þar sem að kirkjan hefur verið úr timbri en hún hafði verið fjarlægð líkt og torfveggirnir sem lágu ofan á grjóthleðslum í kirkjugarðsveggjum. Elleftu



Mynd 17. Myndin til sýnir yfirborð svæðisins sem var stækkað og hreinsað upp þegar að ummerki komu fram um garð og kirkju í jarðsjármælingatækjum. Öll ummerki um garðinn höfðu verið afmáð þegar á 11. öld. Mynd: John Schoenfelder/SASS.

aldar gryfjan [380] hafði svo rótað til veggjum og öðrum mannvistarlögum sem undir garðinum voru. Það voru ýmsir þættir sem spiluðu inn í niðurstöður mælinganna. Kirkjan, sem annars kom bara fram sem einföld grjótröð undan veggjum virtist nokkuð veggjameiri í jarðsjármælingunum þar sem þétt móöskulög [386 og 382] lágu undir henni og voru þykkust við suðaustur horn hennar. Sú staðreynd að kirkjan kom svona glögg fram á jarðsjármýnd kann einnig að vera afleiðing þess að elleftu aldar gryfjan [380] skar í gegn um móöskulögin á þrjá vegu umhverfis kirkjuna. Grafir innan kirkjunnar komu ekki fram á mælingunni en þær lágu að hluta undir grjóti í veggjaundirstöðum.

Elleftu aldar gryfjan lá, eins og áður segir, á þrjá vegu umhverfis kirkjuna. Í sniðum hennar kom í ljós nokkuð þykkt torf, bæði sunnan og norðan kirkju. Í horni gryfjunar uppi við kirkjuna að sunnan kom í ljós mjög lagskipt veggjatorf og þar mátti einnig sjá leifar gólflagsins [429] sem fannst í sniði grafanna í gólfi kirkjunnar og hefur líklega verið gólf útihúss. Annað hvort hefur þarna verið horn byggingar eða syðsti hluti hennar en ekki var hægt að greina það betur sökum niðurgraftar undir kirkjurústinni, e.t.v vegna einhverra framkvæmda sem tengdar voru smiðjunni. Þessi bygging sést á jarðsjármýndinni vestan kirkjunnar og hefur hún mögulega legið austur-vestur, upp í brekkuna. Engin ummerki sást um smiðjugólf eða vegg.

Útlínur gryfjunnar [380] sást við mælingarnar og er það líklega vegna þess að að hún hefur verið tekin í gegn um þétt gjóskulög [H3 og H4] og var jarðvegur í henni mun lausari í sér en í óhreyfðum jarðlögum og mannvistarlögum. Jarðsjármælingarnar sýndu hinsvegar mögulegar


grafir á svæðinu norðaustan kirkjunnar og sunnan hennar. Bæði sáust grafir sem lágu innan gryfjunnar og grafir sem lágu utan hennar. Þær grafir sem greinanlegar voru innan gryfjunnar áttu það sammerkt að hliðar grafanna skáru þykk forsöguleg gjóskulög, H3 og H4, og jarðveginn undir þeim. Niðurstöður jarðsjármælinganna gáfu til kynna hvar óhreyfðar grafir myndu finnast norðan kirkjunnar. Í gröf 1 hafði beinagrindin einnig komið fram við mælingarnar en slíkt verður að teljast einsdæmi.<sup>17</sup> Rannsóknirnar leiddu þó í ljós að náttúrulegur jarðvegur í botni grafa var ekki greinanlegur í graffyllingum og kann greining grafa að vera bundið að einhverju leyti við sérstaka afstöðu jarðlaga í Seylukirkjugarði og ekki hægt að yfirfæra yfir á aðra garða.

Hér er ekki farið nánar í lýsingu á aðferðarfræðinni sem notuð var við jarðsjármælingarnar en útlitun á tækjabúnaði og aðferðum má finna í grein í *Journal of Archaeological Science* nr. 40 frá 2013.<sup>18</sup> Auk þess var sumarið 2013 mældur raki í jarðvegi og sýni voru tekin til að greina sýrustig jarðvegs. Mælingarnar voru gerðar á þeim jarðlögum sem grafirnar voru teknar í auk þess að rakamælingar voru gerðar á graffyllingum þar sem þær voru óhreyfðar. Niðurstöður þessara mælinga koma til með að birtast í sérstakri vísindagrein.

---

<sup>17</sup> Brian Damiata, ofl. 2013.

<sup>18</sup> Sama heimild bls. 269-270.

Gripir<sup>19</sup>

Mynd 18. Kökurit sem sýnir gripaflokka eftir efni.

Tegund gripa	Fjöldi
Sylgja	1
Naglar	19
Hnífar	1
Ógreinanleg járnstykki	2
Gjall	9
Náttúrusteinar	10
Brýni	1
Unnið bein (hvalbein?)	2
<b>Heildarfjöldi gripa</b>	<b>45</b>

Alls voru skráð 110 fundanúmer við rannsóknina en eiginlegir gripir voru mun færri. Lausfundin mannabein voru skráð sem fundir, hvort sem þau voru í 11. aldar gryfjunni [380] eða í fyllingum grafa sem höfðu verið tæmdar. Þetta var gert til að reyna að áætla fjölda og aldur þeirra sem í garðinum höfðu legið. Fundarnúmer mannabeina voru 39 en fjöldi beina var nokkru meiri þar sem að öll bein í fyllingum einstakra grafa voru flokkuð undir eitt fundanúmer. Listi yfir mannabeinin og frekari umfjöllun um þau er að finna í kaflanum um grafir en ekki í meðfylgjandi gripalista.

<sup>19</sup> Sjá lista yfir gripi í töflu 6 á bls. 72.



Endanleg gripanúmer voru 36, alls 45 gripir. Flestir gripirnir voru úr járni, alls 22. Þar af voru 19 naglar, flestir líklega líkkistunaglar. Einnig fannst hluti af blaði og tanga úr hnifi úr járni (Þjms2012-42-009). Tvö járnstykki fundust í graffyllingu í gröf 8.



*Hringsylgja (Þjms 2012-42-001)*



*Hnífur (Þjms 2012-42-009)*



*Brýni (Þjms 2012-42-009)*



*Unnið hvalbein (Þjms 2013-47-009)*

*Mynd 19. Nokkrir gripir úr uppgreftinum.*

Auk þess fundust 9 gjallmolar, þar af 6 í yfirborði smiðjugólfsins. Lítil hringsylgja úr bronsi (Þjms2012-47-001) fannst í rótuðum yfirborðslögum í gólfi kirkjunnar. Næst stærsti gripaflokkurinn voru steinar. Þar af voru 9 smásteinar sem hafa verið aðfluttir, þar af innflutt tinna (flinta) (Þjms2012-42-55) og hrafntinna (Þjms2013-47-058). Einnig fannst hluti af brýni (Þjms2012-42-009). Tveir hlutar unninna dýrabeina, líklega hvalbeins fundust í róti 11. aldar gryfjunnar. Önnur dýrabein voru flokkuð sem sýni. Allur viður sem fannst var einnig flokkaður sem sýni.

Sökum þess að hvergi var grafið niður í gólfög komu flestir gripirnir úr rótuðum lögum. Uppmökstur gryfjunnar var að stórum hluta unninn með skóflum og því kunna einhverjir gripir og bein að hafa farið forgörðum. Hinsvegar var grafið með múrskaiðum þegar komið var niður á einstakar grafir og hægt að staðsetja með vissu gripum sem sannanlega voru í þeim. En þar sem



Þær höfðu flestar verið tæmdar er lítið hægt að fullyrða um mögulega gripi sem lagðir hafa verið með í grafirnar.

### Sýnataka<sup>20</sup>


Þar sem ekki var grafið í gegn um gólflög og þar sem að stór hluti uppgraftarins voru rótuð lög voru ekki mörg jarðvegssýni tekin. Hinsvegar var viður sem fannst í kirkjugrunninum, stoðarholum, líkkistum og af líkkistunöglum greindur. Dýrabeinum haldið til haga þó svo að þau hafi ekki verið greind enda komu þau flestöll úr rótuðum jarðlögum. Einnig voru tekin nokkur gjóskusýni en gjóskulög á Langholti og Seylu eru nokkuð vel kunn eftir ítarlegar fornleifarannsóknir undanfarins áratugar.

Nokkur jarðvegssýni voru tekin til fleytingar. Búið er að fleyta þau öll, nema sýni úr gólflagi [429] sem tekið var 2013. Var þar um að ræða gólflag eldri byggingar undir kirkjunni en lagið kom fram í botni grafar 18 sem hafði verið tæmd á 11. öld. Sýnin bíða frekari greiningar. Alls voru 21 viðarsýni greind. Þrjú sýnanna gáfu engar niðurstöður. Af þeim 19 sýnum sem hægt var að greina, voru 7 tekin af viði sem var áfastur við líkkistunagla og tvö sýnanna voru kol úr móöskulagi [382] undir kirkjugólfinu.

Í skýrslu Lísabetar Guðmundsdóttur um viðargreiningarnar segir: „Öll viðarsýnin fyrir utan eitt reyndust vera barrviðir sem vaxa ekki náttúrulega á Íslandi. Flest reyndust vera af furu ættkvíslinni, nánar tiltekið nú viðarsýni og af þessum nú var hægt að greina sex til tegundarinnar skógarfuru. Skógarfura er algeng í nútímarekaen tegundin vex einnig í þeim löndum sem Íslendingar áttu samskipti við til að mynda í Noregi, Svíþjóð og á nyrstu Bretlandseyjunum. Þar af leiðandi er ekki hægt að segja með fullri vissu hvort tegundin sé innflutt eða hafi borist með sjávarstraumum frá Rússlandi og/eða Síberíu. Tvö sýni voru annaðhvort lerki eða greni (*larix sp./picea sp.*) en ekki var hægt að greina þar á milli, bæði vegna varðveislu en einnig vegna þess að líffræðileg einkenni eru mjög lík. Báðar tegundir eru algengar í nútímareka en greni gæti verið innflutt ef miðað er við vaxtarsvæði ættkvíslarinnar. Í tveimur tilvikum var hægt að greina viðinn til barrviðar með viðarkvoðugöngum sem þrengir greininguna niður í þrjár ættkvíslir furu, lerki eða greni (*pinus sp./larix sp./picea sp.*).“<sup>21</sup>

<sup>20</sup> Sjá lista yfir sýni í töflu 2 á bls. 67.

<sup>21</sup> Lísabet Guðmundsdóttir 2014, bls. 7-8.


**Grafirnar<sup>22</sup>**

Mynd 20. Yfirlitsteikning af númerum grafa í kirkjugarðinum.

Alls voru 25 grafir rannsakaðar í kirkjugarðinum. Tíu þeirra voru sunnan kirkju, tvær beint austur af kirkjunni og 11 norðan hennar. Tvær grafir voru í gólfi kirkjunnar. Árið 2009 hafði vel varðveitt beinagrind verið grafin upp úr óhreyfðri gröf (nr. 1) syðst í garðinum. Umhverfis hana sáust að því er virtist yfirborð nokkurra grafa til viðbótar. Þar sem að heilleg beinagrind hafði fundist var ætlað að aðrar mögulegar grafir innihéldu sömuleiðis vel varðveittar beinagrindur. Jarðsjáin hafði numið einstaka bein beinagrindarinnar í [Gröf 1] en, fyrir utan 2-

<sup>22</sup> Sjá lista yfir grafir og bein í garðinum í töflu 4 á bls. 70 og töflu 5 á bls. 72. Harris Matrix flæðirit með afstöðu grafa til annarra jarðlaga er á bls. 103.

3 grafir norðanvert í garðinum, virtust engar heillegar grafir í garðinum samkvæmt mælingunum. Það reyndist svo að grafirnar sem heilar voru, höfðu fundist með jarðsjármælingunum, en aðrar grafir fullorðinna sem ekki komu fram höfðu verið tæmdar á 11. öld. Grafir ungabarna með heillegum beinagrindum sáust hinsvegar ekki.



Mynd 21. Yfirlitsteikning af gröf 1 og ógröfnum gröfum 2009. Við uppgröftinn 2012 og 2013 varð ljóst að flestar grafir umhverfis höfðu verið tæmdar við beinaflutning á 11. öld. Úr skýrslu um kirkjurannsóknir frá 2009, bls. 23.

## Listi yfir grafir



Mynd 22. Gröf 1. Óhreyfð beinagrind karlmanns.

I. Gröf nr. 1 er höfð hér með í listanum en hún var grafin upp við rannsóknirnar 2009. Um var að ræða gröf karlmanns sem hefur verið 30-45 ára er hann lést. Gröfin lá fast upp við suður kirkjugarðsvegginn, um 5m suður af suðurhlið kirkjunnar. Gröfin var 1,8m löng og um 50cm breið við axlir en mjóust í fótanda, 30cm breið. Um 60cm voru niður á botn grafarinnar en bein fóru að koma í ljós á 50cm dýpi. Engin merki voru um kistu en þegar komið var niður á beinin hafði jarðvegur einhverra hluta vegna þjappast svo saman utan um líkið að holrúm hafði myndast utan um beinagrindina þannig að rifbeinin voru í rétttri stöðu en höfðu ekki lagst saman líkt og venjan er. Líkið hafði verið lagt á bakið með höfuð í vesturenda grafar, hægri hliðin var eilítið snúin út á við. Höfuðið hafði verið skorðað af með torfi. Vinstri handleggur lá niður með síðu en sá hægri lá í óeðlilegri legu og virtist styttri en sá vinstri. Við nánari athugun kom í ljós að neðri hluti upphandleggjar hafði annað hvort brotnað frá leggjabeininu eða aldrei vaxið saman og því voru neðri hluti upphandleggjar og efri hluti framhandleggjabeina vansköpuð. Framhandleggjarbeinin höfðu kippst upp fyrir neðri hluta upphandleggsbeins sem hefur valdið því að handleggurinn hefur verið styttri en eðlilegt getur talist. Hægri fótleggur var einnig snúinn eilítið út á við en ekki var hægt að sjá neitt óeðlilegt við fótleggjabein svona í fljótu bragði. Vinstri fótleggur hefur legið nokkurn veginn beinn.<sup>23</sup>24

<sup>23</sup> Guðný Zoëga, 2009, bls. 22.

<sup>24</sup> Damiata ofl. 2013, bls. 277.




fyrir að bein hafi verið flutt úr þeim gröfum sem lágu fast vestan grafarinnar [grafir 4 og 5]. Hinsvegar ber að geta þess að fótleggja og fótabein (í gröfum nr. 4 og 5) sem lágu næst höfuðenda grafar nr. 1, höfðu ekki heldur verið fjarlægð.

2. Gröf nr. 2 kom í ljós um 30cm norðan við gröf. Um var að ræða gröf ungbarns í ljós. Gröfin var um 65cm löng og um 30cm á breidd. Einungis 15cm voru niður á mjög illa farna beinagrind ungbarnsins. Gröfin var óvenju grunn en þegar beina var leitað á 11. öld hefur efri hluti grafarinnar verið fjarlægður. Gröfin var nokkuð sérstök að gerð þar sem að undir höfði barnsins var upphækkun þar sem skilinn hefur verið eftir bunki af ljósu H3 gjóskunni sem myndað hefur nokkurs konar kodda undir höfðinu. Eins og áður sagði voru bein mjög illa farin en tennur úr kjálkum voru teknar til frekari aldursgreiningar. Engin kista var í gröfinni.



Mynd 23. Gröf ungbarns. Hægra megin í gröfinni hefur verið skilinn eftir upphækkun fyrir höfuð barnsins í H3 gjóskunni. Í vinstri helmingi hefur verið grafið niður fyrir gjóskuna.

Gröfin var nokkuð sérstök að gerð þar sem að undir höfði barnsins var upphækkun þar sem skilinn hefur verið eftir bunki af ljósu H3 gjóskunni sem myndað hefur nokkurs konar kodda undir höfðinu. Eins og áður sagði voru bein mjög illa farin en tennur úr kjálkum voru teknar til frekari aldursgreiningar. Engin kista var í gröfinni.



Mynd 24. Grafirnar syðst í kirkjugarðinum.

3. Gröf nr. 3 lá um 70cm norðan við gröf nr. 1. Um var að ræða gröf fullorðins einstaklings en hún lá að hluta inn í ógrafið vestursnið könnunarskurðarins frá 2009. Gröfin var 1,6m

löng og rétt rétt um 30cm djúp þar sem hún var dýpst en þó var hún grafin eftir því hvar hún sást fyrst á yfirborði. Í sniðinu var hinsvegar greinilegur um 50cm þykkur bunki af rótuðum jarðvegi ofan niðurgraftarins. Fyllingin í þessum 30cm virtist hinsvegar nokkuð svipuð því sem fannst í gröf nr. 1 mjúk rótuð brúnleit mold með flekkjum af H3. Þegar gröfin var grafin kom í ljós að í henni voru nánast engin bein. Einungis lausar kjúkur voru í graffyllingunni en upp við norðurhlið grafarinnar kom í ljós ósnertur bunki grafar fyllingar sem innhélt nánast heila hönd. Ljóst er að bein úr þessari gröf höfðu verið fjarlægð en ekki betur en svo að hluti vinstri handar varð eftir. Engin ummerki fundust um kistu.



Mynd 25. Gröf 4, öll bein höfðu verið fjarlægð úr gröfinni nema fótleggja og fótabein.

4. Gröf nr. 4 var fast vestan við gröf 1 og greinilegt er að hún hefur verið tekin inn í fótanda grafar nr. 4. Gröfin var 1,6m löng og um 60cm breið fyrir miðju. Líkt og með aðrar grafir hefur verið grafið ofan í hana við beinaflutninginn á 11. öld en hún kom í ljós á yfirborði þegar um 25cm voru eftir niður á botn hennar. Neðsti hluti fyllingar í gröfinni var, að því er virtist, venjuleg grafarfylling en rótaðra lag með torfi og ýmsu rusli ofan þess. Í fyllingunni fundust nokkrar lausar kjúkur og virtist ljóst að bein hefðu verið fjarlægð. Það hefur þó ekki verið sérstaklega vandlega gert þar sem í fótenda grafar upp við norðurhlið hennar voru óhreyfð fótleggja og fótabein neðan hnjáa, hnjéskeljar meðtaldar. Við flutninginn hefur því beinagrindin verið að fullu fjarlægð ofan hnjáa sem bendir ekki til að vandað hafi verið til verka við beinaflutninginn. Um var að ræða gröf 14-16 ára unglings. Gröfin var nokkuð breið miðað við að beinin voru alveg í norðurenda hennar og kann að



vera að um tvær samsíða grafir sé að ræða en þá hafa öll bein verið fjarlægð úr þeirri sem sunnar lá. Engin ummerki fundust um kistu.


5. Gröf nr. 5 lá samsíða fast sunnan við gröf nr. 3. Hún var alls 1,6m löng og um 40cm breið og hefur [Gröf 1] verið grafin að hluta inn í fótenda hennar. Þessi gröf var einnig grunn vegna þess að grafið hefur verið niður á hana við beinaflutninginn og einungis neðsti hluti hennar, um 25cm að dýpt, hefur orðið eftir. Neðst og austast í gröfinni komu fram óhreyfð mannabein,



Mynd 26. Fótabein í gröf 5.

fótabein neðan hnjáa líkt og í gröf 4. Að öðru leyti hafði beinagrindin verið fjarlægð. Í gröfinni hefur legið fullorðin manneskja. Engin ummerki um kistu fundust.

6. Gröf nr. 6 lá fast upp við kirkjugarðinn norðanverðan um 70cm norðan við norður útmörk stóra 11. aldar niðurgrafterins [380] og því utan þess svæðis þar sem grafir virðast hafa verið tæmdar. Enda kom í ljós að í gröfinni var þrýðilega varðveitt beinagrind konu. Gröfin var á yfirborði einungis um 1,3m að lengd, 43cm breið í höfuðenda en 35cm breið í




Mynd 27. Beinagrind eldri konu í gröf 6.

m

austurenda. Ljóst var að gröfin hefur verið of lítil fyrir líkið sem lagt var í hana. Gröfin var 140cm að lengd á yfirbrði en 160cm í botni. Dýpt í höfuðenda grafarinnar var 60cm, fyrir miðri gröf undir hnjám beinagrindarinnar var dýptin 45cm og um 65cm í fótenda grafar. Beinagrindin lá þannig að höfuð hefur verið reist upp en hallað til vinstri. Handleggir lágu niður með síðum en framhandleggir voru eilítið beygðir inn yfir mjaðmirnar. Fótleggir hafa




legið samsíða upp á upphækkunina í miðju grafar og til austurs niður af henni en hægri fótur lá yfir þeim vinstri. Sökum þess að gröfin hefur verið of stutt fyrir líkið hafa fætur verið grafnir um 20cm inn og austur úr botni grafarinnar.



Mynd 28. Beinagrind stálpaðs barns í gröf nr. 7.

7. Gröf nr. 7 lá rétt um metra vestur af gröf nr. 6, um metra suður af kirkjugarðsveggnum en aðeins um 20cm norður af útmörkum 11. aldar niðurgraftarins [380] og hefur því orðið útundan þegar bein voru fjarlægð úr öðrum gröfum. Á yfirborði var gröfin ferköntuð en hinsvegar voru engin merki um kistu að finna í henni. Hún var 1,25m að lengd og 30cm breið bæði í höfuð- og fótenda. Í höfuðenda var gröfin 20cm djúp en 30cm í fótenda. Hún var grafin niður í lag [386] sem er þunnt lag af móösku sem lá undir þunnu gjóskulagi, líklega Vj~1000. Í gröfinni lá beinagrind barns sem hefur náð um 10 ára aldri. Höfuðkúpan lá til vinstri fram á bringuna, handleggir lágu beinir niður með síðum og fótleggir voru beinir að öðru leyti en því að vinstri fótleggur lá eilítið boginn inn á við þannig að vinstra hné lá aðeins ofar en það hægra. Varðveisla beina var mjög góð.



Mynd 29. Þrjár grafir lágu rétt sunnan við suðausturhorn kirkjunnar. Í tveimur grafanna hafa fullorðnir einstaklingar verið lagðir til. Grafirnar höfðu hinsvegar báðar verið tæmdar á 11. öld. Á milli grafanna, fast upp við suðvesturhorn grafar nr. 21 var gröf ungbarns. Gröfin hefur verið skemmd að hluta þegar að bein hafa verið fjarlægð úr gröf 21.

8. Gröf nr. 8 var ein þriggja grafa sem lágu þétt saman sunnan kirkjunnar. Gröfin lá metra sunnan við sa horn kirkjunnar og hafði verið tæmd á 11. öld. Þá hefur efsti hluti grafarinnar verið grafinn í burtu þannig að einungis neðstu 20cm voru eftir af upprunalegu gröfinni. Gröfin hafði verið tæmd en nokkur smærri bein úr fullorðnum einstaklingi voru í graffyllingu. Leifar járnagla í fyllingu grafarinnar benda til að þar hafi verið jarðað í kistu.
9. Gröf nr. 9 var ungbarnsgröf sem lá fast upp við suðvestur horn grafar 21 rétt um 1,3m suðaustur af suðausturhorni kirkjunnar. Í gröfinni var, að mestu óhreyfð, beinagrind ungbarns. Þegar bein hafa verið fjarlægð úr gröf 21 hefur verið skorið inn í gröfina og voru bein í vinstri hlið beinagrindarinnar færð úr stað. Óglögg dökk lína lá eftir vinstri hlið beinagrindarinnar sem gæti benti til að barnið hafi verið grafið í kistu en óyggjandi viðarleifar fundust ekki í gröfinni. Gröfin var um 54cm löng, um 30cm á breidd og 12cm djúp. Hún lá hærra í jarðvegi en gröf 21. Beinir voru nokkuð fúin.
10. Gröf nr. 10 var rétt um 70cm austan austurgafls kirkjunnar. Þetta var eina gröfin sem enn var í fullri dýpt, um metri frá yfirborði í botn. Elleftu aldar gryfjan [380] skar gröfina rétt vestan miðju og var yfirborð grafar sýnileg á upprunalegu yfirborði á um 63cm löngum





Mynd 30. Grafir 10 og 21 austan kirkjunnar. Í forgrunni má sjá útlínur grafar 10 á yfirborðinu en fyrir miðri gröf kemur útlína 11. aldar gryfjunnar [380]. Norðurörin liggur í botni grafarinnar, á mörkum hennar og grafar nr. 20 sem lá fast austur af gröf 10.

kafla af vesturenda grafarinnar. Þó hafði verið grafið niður í vesturendann til að fjarlægja höfuðkúpu og önnur bein úr efri hluta beinagrindarinnar. Þetta olli því að þegar búíð var að hreinsa í burtu fyllinguna úr gryfjunni stóð eftir snið þvert í gegn um gröfina og graffyllinguna. Gröfin hefur upphaflega verið tekin í gegn um þétt móöskulag [386] efst í því lá þunn dökk grænleit gjóska sem líklega er frá því um aldamótin 1000 e.Kr. Móöskulagið lá ofan á veggjaleifum ofan við svart kolað smiðjugólf [427] sem í voru járnstykki og gjallmolar. Gröfin hefur verið tekin ofan í lögin og niður í óhreyfðan jarðveg undir þeim. Elleftu aldar niðurgrofturinn [380] hafði einnig farið í gegn um og rótað þessum lögum þannig að hluti smiðjuleifanna var horfinn og óvíst hvort um eiginlega byggingu var að ræða eða hvort að járnsmíðar hafi farið fram úti undir berum himni. Í gröfinni fundst járnnaclar með viðarleifum sem benda til að grafið hafi verið í kistu. Nokkur bein úr fullorðnum einstaklingi fundust í uppmokstri úr gröfinni en vera kann að þar hafi líka getað komið til bein úr gröf nr. 20. Hluti af ungbarnahöfuðkúpu fundust einnig í graffyllingunni. Vera kann að ungbarnsgröf hafi skemmst við uppmoksturinn á 11. öld.



Mynd 31. Gröf 11 lá upp að, og að hluta undir stóra steina sem komu fram neðst í 11. aldar gryfjunni [380]. Steinarnir hafa mögulega tilheyrð vegghleðslum en þeir hafa verið færðir til og voru úr samhengi. Við suðurhlíð grafarinnar lá ungbarnagröf nr. 13.

- 11.** Gröf nr. 11 var um metra norðaustur af norðaustur hornstoð kirkjunnar. Um var að ræða gröf fullorðins einstaklings en einu beinin sem fundust í henni voru nokkur handabein úr hægri hendi sem höfðu orðið

eftir þegar bein voru fjarlægð á 11. öld. Ungbarnsgröf (nr. 13) lá upp við og dálítið á ská við suður langhlið grafarinnar. Einungis voru eftir um 15-20cm af neðsta hluta grafarinnar. Í eystri enda grafarinnar var greinilegt skóflufar þar sem reku hefur verið stungið niður til að fjarlægja fótabeinin. Norðan við höfuðenda grafarinnar voru þrír stórir steinar í röð og virðist gröfin hafa verið tekin undir þá að hluta. Óvíst er hvaða hlutverki steinarnir hafa haft en þó kann að vera að þeir hafi tilheyrt byggingaleifum sem voru undir garðinum. Vestast í vesturenda grafarinnar voru tveir flatir steinar, annar reistur upp á rönd. Þar sem engar beinaleifar voru í höfuðenda grafarinnar var óvíst hvort að steinarnir hefðu verið notaðir til að mynda skot fyrir höfuðið. Engin ummerki kistu fundust í gröfinni.

12. Gröf nr. 12 var eina gröfin sem fannst á svæðinu beint norðan kirkjurústarinnar. Um var að ræða ungbarnsgröf og voru einungis neðstu 10cm grafarbotnsins eftir. Gröfin var ferköntuð og líkust því sem að kista hafi verið í henni. Engar kistuleifar fundust en vera kann að kista hafi verið nógu heilleg til að hún væri fjarlægð í heilu lagi. Nokkur ungbarnsbein fundust þó í gryfju-  
fyllingunni í námunda grafarinnar og kunna það að vera bein úr henni. Þó má vera að fleiri ungbarnagrafir hafi verið á norðanverðu svæðinu sem hafa horfið við 11. aldar uppgröftinn [380].



Mynd 32. Gröf 12 var eina gröfin sem fannst á svæðinu norðan kirkjunnar. Hafi þar verið fleiri grafir hafa þær algerlega horfið við 11. aldar uppgröftinn.


13. Gröf nr. 13 var ungbarnsgröf sem lá upp við suður langhlið grafar nr. 11. Öfugt við gröf



Mynd 33. Bein ungbarns í gröf 13. H3 gjóskan hefur verið notuð til að hækka undir höfuð barnsins. Samskonar umbúnaður var í gröf 2.

11 hafði hinsvegar ekki verið hróflað við beinagrindinni. Gröfin var 60cm löng, 22cm á breidd og 10cm djúp. Efri hluti grafarinnar hefur verið grafinn í burtu og var hún einungis 7-14cm djúp. Beinín í gröfinni voru hinsvegar öll til staðar og prýðilega varðveitt. Barnið hefur dáíð á fyrir 5 mánaða aldur. Gröfin lá aðeins á ská (nna-ssv) miðað við gröfina sem það lá upp við. Engin merki kistu

fundust. Athyglisvert var að gula H3 gjóskan hefur verið notuð sem einskonar koddur undir höfuð barnsins. Grafið var niður úr gjóskunni í austurhluta grafarinnar en dálítill upphækkun skilin eftir í höfuðenda. Samskonar grafarumbúnað var að finna í gröf nr. 2 sem einnig var ungbarnagröf.



Mynd 34. Í gröf 14 lá beinagrind konu, 30-45 ára. Gröfin var að hluta innan 11. aldar uppgrafarins [380] en þó hafði mönnum annað hvort yfirsétt hún eða hún skilin eftir fyrir einhverjar aðrar sakir.

**14.** Gröf nr. 14 lá norðanvert í kirkjugarðinum fast norðan við og samsíða gröf 15. Gröfin var 154cm löng, 40cm breið og um 40cm djúp. Nyrðri útmörk 11. aldar gryfjunnar [380] lágu eftir endilangri gröfinni. Það er því ólíklegt að menn hafi ekki tekið eftir gröfinni þegar grafið var þarna eftir beinum. Efsti hluti grafarinnar var því skemmdur að hluta en neðstu 40-50cm voru óraskaðir. Í gröfinni lá óhreyfð beinagrind konu sem hefur verið milli 30-45 ára þegar hún lést. Líkið hefur verið lagt á bakið með handleggi niður með síðum. Í fyllingunni um 20cm yfir fótleggjum voru tveir stórir steinar. Ekki er hægt að fullyrða að þeim hafi vísvitandi verið komið þarna fyrir eða hvort þeir hafi verið hluti af graffyllingunni. Fylling grafarinnar var annars laus í sér, moldarkennd með torfflekkjum og dálitlum kolaleifum en annars laus við steina. Það er því líklegt að steinarnir hafi verið lagðir þarna af ásettu ráði. Hluti af rifbeini og laus tönn efst í fyllingu grafarinnar gæti verið úr gröf N.r15 sem lent hefur í fyllingu grafar nr.14 þegar gröf nr. 15 var tæmd. Engin merki um kistu fundust í gröfinni en torfleifar fundust undir og umhverfis höfuðkúpuna. Torfinu hefur verið komið fyrir til að skorða höfuðkúpuna af í gröfinni en samskonar umbúnað var einnig að finna í gröf nr. 1.





Mynd 35. Lega grafa nr. 14 og 15. Bein höfðu verið fjarlægð úr gröf 15 en skilin eftir í gröf nr. 14. Gröf nr. 6 lá fast norðan grafanna og höfðu bein einnig verið skilin eftir í henni. Hún lá hinsvegar utan 11. aldar uppgraftarins [380].


**15.** Gröf nr.15 lá sunnan við og samsíða gröf nr. 14. Hún lá öll innan gryfjunnar [380] og höfðu bein verið fjarlægð úr henni. Gröfin var 1.60m löng, 25cm á breidd og 12cm djúp. Einungis neðstu 30cm voru Mögulegt er að tönn og hluti rifbeins sem voru í graffyllingu í gröf 14 hafi fallið til þegar að gröf 15 var tæmd. Beininn bentu til að þetta væri gröf fullorðins einstaklings. Engin bein eða kistuleifar fundust í gröfinni.

**16.** Gröf nr. 16 var önnur tveggja grafa sem í fundust nokkuð heillegar kistuleifar. Um var að ræða gröf ungbarns, kistan hefur verið um 46cm löng og 18cm breið og nokkurn veginn jafnbreið í báða enda. Efri hluti kistunnar hafði verið skemmdur á 11. öld og voru einungis eftir neðstu 8cm hennar. Botn var í kistunni en ekkert lok. Engir járnaglar fundust í kistunni. Bein höfðu verið fjarlægð úr kistunni en brot af rífi og hryggjalið ungbarns fundust í jarðveginum í henni.



Mynd 36. Kista í gröf nr. 16.






Mynd 37. Beinagrind 10-12 ára gamal barns í gröf 17.

17. Gröfi nr. 17 lá fast upp að og samsíða gröf 22. Á yfirborði var sameiginleg fylling úr báðum gröfum og virtist eins og um einn stóran niðurgröft væri að ræða. Þegar neðar dró urðu þetta þó tvær afmarkaðar grafir. Líkt og í öðrum gröfum innan 11. aldar niðurgrafarinnar [380] var einungis neðsti hluti grafarinnar óskemmdur og var dýpt grafarinnar rétt um 25cm. Hún var 125cm löng og um 30cm breið. Í gröfinni var óhreyfð beinagrind 10-12 ára barns. Líkið hefur verið lagt á bakið og með hendur lítilega inn yfir mjaðmabein. Höfuðið hefur hallað aðeins til hægri hliðar. Engin ummerki voru um kistu í gröfinni. Nokkur ungbarnabein voru efst í fyllingu grafa nr. 22 og 17, gætu verið úr gröfum nr. 16 eða 23. Undir höfuðkúpu og efri hluta beinagrindarinnar var þunnt kolalag. Kol finnst stundum í fornkrístnum gröfum en líklega er hér um að ræða fokdreif úr smiðjunni eða af bæjarstæðinu.

18. Gröf nr. 18 var í gólfi kirkjunnar. Gröfin kom í ljós þegar rótaður jarðvegur var hreinsaður innan úr henni. Þegar hreinsað var upp úr gröfinni kom í ljós að hún hefur verið grafin í gegnum bæði rótað torf og lagskiptara veggjatorf og í gegnum þykkt gólf sem lá beint ofan á landnámsgjóskunni og niður fyrir H3 gjóskuna. Gröfin náði frá vesturhlið kirkju að austurhlið. Hún hafði líka verið grafin í gegn um þykkt (allt upp í 28cm) ruslalög [382 og 386] með móösku, kolum, brenndum og óbrenndum beinum. Fyllingin í gröfinni var því blönduð rusli. Austurendi grafarinnar kom fram sem rúnnaður niðurgröftur í móöskulögin sem kirkjan hefur verið reist á. Engar leifar eiginlegs kirkjugólfs kom fram enda hafði verið mokað ofan í gólfið í leit að gröfinni. Þegar graffyllingin var fjarlægð kom í ljós að fyrst hafði verið grafið niður til að finna yfirborð grafar og var gröfin sjálf dálítið sunnan við þar



Mynd 38. Á myndinni sést lega grafa nr. 18 og 19 innan kirkjunnar. Raunveruleg lega grafanna er sýnd sem óbrotin hvít strik. Eins og sjá má á teikningunni var nokkur munur á gröfunum eins og þær komu fram á yfirborðinu og því hvernig þær eiginlega voru. Engin ummerki fundust um grafir í kirkjugólfinu norðanverðu.

sem byrjað var að grafa. Það myndaðist því dálítill stallur í gröfinni en þar hafa menn komið niður á þétt gólfslag. Neðri hluti grafarinnar lá um 20cm inn undir grjóthleðsluna undan suðurhlið kirkjunnar. Ekki var þó hægt að sjá hvar eiginleg mörk grafarinnar voru þar sem að hún hafði verið víkkuð út þegar beinin voru fjarlægð. Suðurhlið grafarinnar var íhvolft inn undir um 20-30cm þykkt móösku- og ruslalag [382 og 386] sem lá ofan á torfveggjum og/eða hruni úr byggingu sem lá undir kirkjunni. Gröfin náði inn undir stoðarholuna [389] í suðvesturhorni kirkjunnar. Það hefur líklega gerst þegar bein voru fjarlægð úr gröfinni, þar sem að sandur úr fyllingu stoðarholunnar lá vestast í botni grafarinnar. Ekki er líklegt að gröfin hefði verið tekin í gegn um stoðarholuna meðan kirkjan var standandi. Fast





Mynd 39. Yfirlitsmynd yfir leifar kirkjunnar eftir að búið var að grafa upp grafir 18 og 19. Horft í austur.

sunnan austurenda grafarinnar var annar minni gröftur inn undir móöskulagið. Í því reyndist vera hluti beinagrindar ungbarns (gröf nr. 19). Gröf þess hefur verið skemmd við uppgröft grafar nr. 18. Í botni grafarinnar austanvert mátti sjá tvö stunguför eftir skóflu. Hvort grafirnar hafa verið þarna áður en að kirkjan var reist er erfitt að fullyrða. Gröf fullorðna einstaklingsins var mjög röskuð vegna niðurgraftarins frá 11. öld og því óvíst að hún hafi í upphafi legið inn undir kirkjuvegginn. Gröf ungbarnsins hinsvegar virtist grafín að hluta inn undir vegginn en fleiri grafir í garðinum virðast einnig hafa verið grafnar að hluta inn undir náttúruleg lög.

- 19.** Gröf nr. 19 var gröf ungbarns eins og áður er getið. Gröfin lá fast austan við fótenda grafar 18 og hefur hún skemmst við uppgröft hennar. Syðri hluti grafarinnar var grafín að hluta inn undir móöskulagið og var mikið af móösku og ruslaleifum í fyllingunni. Þegar bein hafa verið fjarlægð úr gröf 18 hefur hluta af vinstri hlið beinagrindarinnar verið mokað í burtu. Þau bein sem enn voru í fyllingunni voru fremur illa varðveitt. Augljóst er að lík barnsins hefur verið lagt beint ofan á H3 gjóskuna en engar kistuleifar fundust. Ekki er hægt að fullyrða að gröfin hafi verið þarna þegar að kirkjan var reist þó svo að hún hafi legið inn undir suðurvegginn. Yfir hluta grafarinnar var 20cm þykkt móösku- og ruslslag [382 og 386] sem hefur að hluta myndað gólf kirkjunnar og legið undir grjóthleðslu undan

veggjum. Suðurhlið grafarinnar virtist íhvolft og öfugt við íhvolfa veggi grafar 18 hefur það ekki verið af völdum beinaflutninganna á 11. öld. Það kann því að vera að gröfin hafi að hluta verið grafin inn undir kirkjuvegginn. Beinín voru fremur illa farin en þó mátti greina að barnið hefur verið um árgamalt er það lést.

**20.** Gröf nr. 20 (sjá mynd nr. 31) var nokkuð óljós. Ummerki grafar fundust í framhaldi af gröf nr.10 austan kirkjunnar. Suður og norðurhluta grafarinnar voru skorin í gegn um náttúruleg jarðlög en 11. aldar niðurgröfturinn hefur skemmt gröfina of mikið til að hægt væri að fullyrða nokkuð frekar um stærð hennar. Mannabein úr fullorðnum einstaklingi fundust í rótaðri fyllingu ofan grafarinnar en óvíst er hvort beinín hafa heyrt þeirri gröf til eða gröf 10 sem lá fast vestan hennar, beinín kunna að hafa verið úr báðum gröfunum.

**21.** Gröf nr. 21 (sjá mynd nr. 30) lá nyrst í suðurhluta 11. aldar gryfjunnar um 1,5m suðaustan suðausturhorns kirkjunnar. Ungbarnagröf (gröf nr. 9) lá fast vestan grafarinnar. Gröfin hafði verið tæmd á 11. öld og útlínur botns grafarinnar voru það eina sem eftir var af henni. Fyrir utan nokkur rifbeinsbrot í róti ofan grafarinnar voru engin bein eftir í gröfinni. Þetta virðist hafa verið gröf fullorðins einstaklings.




*Mynd 40. Grafir nr.22 og 17. Öll bein, að nokkrum handar- og fingrabeinum undanskildum, höfðu verið fjarlægð úr gröfinni. Beinangrindin úr gröf 17 hafði hinsvegar verið skilin eftir. Báðar grafirnar voru innan 11. aldar niðurgræftarins [380].*



22. Gröf nr. 22 var um 2,7m norðaustan við kirkjuna. Gröfin hefur verið tæmd á 11. öld. Einungis neðstu 20cm af henni voru enn til staðar. Hún var 1,67m löng, 40cm breið og 45cm djúp. Þegar beinin voru fjarlægð úr gröfinni hefur hluti hægri handar orðið eftir í hlið grafarinnar og voru nokkur fingra- og handarbein enn til staðar. Beinín voru úr fullorðnum einstaklingi.

23. **Gröf 23.** Gröf 23 var óglöggur ferkantaður niðurgroftur fast austan við gröf 16. Gröfin hafði verið mikið skemmd af 11. aldar niðurgreftrinum og ekki hægt að áætla stærð hennar né gerð nákvæmlega. Stærð grafarinnar bendir þó til að þarna hefur verið gröf unbarns.



Mynd 41. Gröf 25 hafði skorið í gegn um gröf 24. Þegar komið hefur verið niður á bein fyrirburans hefur gröfinni verið hnikað til og hún grafín að hluta til inn undir bakka grafarinnar í vesturenda. Búið er að hreinsa í burtu timburleifar af höfuðúpunni en kistan er annars heil. Timbrið í henni var einungis þunnt skæni. Tveir naglar fundust í kistunni.

24. Gröfum nr. 24 og 25 er hér lýst saman þar sem að þær lágu í sama niðurgreftri. Upphaflega hefur fyrirburi verið grafinn rétt um metra austur af eystri kirkjuveggnum. Hann hefur verið lagður á hliðina án kistu í litla gröf beint ofan á Landnámslaginu. Síðar hefur önnur gröf verið tekin ofan í gröf fyrirburans þannig að höfuðkúpa og nokkur bein í vinstri hlið hafa færst úr stað. Seinni gröfin var stærri og í henni lá beinagrind eins til tveggja ára barns sem hefur verið grafið í kistu. Þegar kistan hefur sigið saman hefur suður hlið hennar að hluta

lagst yfir bein nýburans. Gröf barnsins hefur verið grafin að hluta inn undir móöskulag [386] sem lá í kirkjugrunninum og kirkjugarðinum öllum. Það er þó ljóst að þarna hefur vesturendi grafarinnar vísitandi verið grafið inn undir náttúruleg lög þar sem að gröfin var að öðru leyti vel afmörkuð á yfirborði. Hliðin í vesturhluta grafarinnar var íhvolf og svipaði að nokkru leyti til grafar nr. 19 sem virtist grafin inn undir suðurvegg kirkjunnar.



Mynd 42. Niðurgröftur sem líktist gröf á yfirborði var sunnan til í kirkjugarðinum. Vera kann að þarna hafi verið fjarlægð að fullu gröf ungbarns, jafnvel tveggja. Hinsvegar gæti allt eins verið að þarna sé um að ræða könnunargröft.

Sunnan kirkjunnar, rétt austan við gröf 1 var niðurgröftur sem hafði grafarform. Þarna hafði greinilega verið grafið niður þegar grafa var leitað á 11. öld. Niðurgröfturinn var þó mjög grunnur og ekkert eiginlegt grafarlag á honum í botninn, einungis för eftir skóflur. Vera kann að þarna hafði menn fjarlægt í heild sinni ungbarnagröf eða grafir sem legið hafa grunnt, þannig að lögun þeirra hefur algerlega horfið við gröftinn. Þó getur líka verið að þarna hafi menn verið að leita grafa sunnan kirkjunnar en hætt þegar komið var niður á náttúruleg lög.

Ekki er loku fyrir það skotið að fleiri grafir hafi verið garðinum. Sérstaklega á það við um ungbarnagrafir sem gætu hafa legið ofar í jarðvegi. Þó má fullyrða að heildarfjöldi grafa

fullorðinna hafi verið kunnur þar sem að ólíklegt er að grafir fullorðinna einstaklega hafi verið grynri en 50cm.



## Umfjöllun um kirkjugarð og grafir

Í kirkjugarðinum voru a.m.k. 25 grafir. Einungis fjórar grafanna (nr. 6, 7, 24 og 25) lágu utan við 11. aldar uppgraftarsvæðið [380] en tvær grafir (nr. 1 og 14) lágu að hálfu leyti innan gryfjunnar. Bein höfðu verið fjarlægð úr 14 grafanna eða 56% þeirra. Austan grafþyrpingarinnar í suðurhluta garðsins var aflangur niðurgröftur [381] sem lá austur vestur, um 1,4m langur, og líktist óreglulegri gröf á yfirborði. Þessi niðurgröftur reyndist hinsvegar misdjúpur þegar farið var að hreinsa upp úr honum og engin bein eða afmarkaður grafarbotn fannst. Ungbarnabein í fyllingu gryfjunnar kunna einnig að hafa tilheyrt gröfum sem hafa verið fjarlægðar í heild sinni. Sérstaklega á það við um grafir austan kirkjunnar en ungbarnabein fundust í graffyllum grafa nr. 10 og 20.

Af þeim 11 barnsgröfum sem bein höfðu verið skilin eftir í voru fimm ungbarnagrafir og þrjár grafir barna frá 3-12 ára aldri. Einungis fundust þrjár grafir fullorðinna einstaklinga óhreyfðar. Um 73% beinagrindanna sem skildar voru eftir hafa því verið af einstaklingum yngri en 12 ára.

Aldursflokkar	Samtals	% af heild	Fjarlægð	% af fjarlægðum	Skilin eftir	% af heild
Ungabörn 0-3 ára	8	32	3	21,5	5	45,5
Börn 3-12 ára	3	12	0		3	27,5
Unglingar 12-18 ára	1	4	1	7		
Fullorðnir 18+	13	52	10	71,5	3	
Konur	6-8 (?)		3-5 (?)		2	18
Karlar	7-9 (?)		7-9 (?)		1	9
<b>Samtals</b>	<b>25</b>	<b>100</b>	<b>14</b>	<b>100</b>	<b>11</b>	<b>100</b>

Tafla 1. Taflan sýnir fjölda einstaklinga eftir aldursflokkum í gröfum þar sem bein voru fjarlægð eða skilin eftir við beinatilfærslu 11. aldar. Þar sem spurningamerki er innan sviga er um ágiskun að ræða og er ekki tekið með í prósentuútreikningi. Einungis var hægt að flokka fullorðna yfir 18 ára aldri nema þar sem beinagrindur höfðu verið skildar eftir.

Í gröfunum 14 sem bein höfðu verið fjarlægð úr, var hægt að áætla aldur einstaklinga í 12 út frá beinum sem enn lágu *in situ* í gröfinni eða sem voru í graffyllum. Lengd grafa býður einungis upp á mjög grófa flokkun aldurs en í þessum 12 gröfum var lengd grafa notuð til viðbótar greiningu beina. Einungis tvær grafir voru eingöngu metnar út frá lengd (grafir nr. 12 og 23) en þar var nokkuð öruggt að um grafir ungbarna hefði verið að ræða sökum smæðar grafanna. Mat á lengd grafa verður að taka með nokkrum fyrirvara, ekki síst þar sem að uppgröftur frá 11. öld gæti hafa haft áhrif á stærð þeirra. Lengd grafa og áætlaður aldur út frá beinaleifum fóru þó ágætlega saman og því forsvaranlegt að greina frekar lýðfræði garðsins.

*Áætlaðar aldursflokkur út frá grafarlengd:*

Lengd: 0-60cm ungbarn

Lengd: 60-120cm= barn 3-12 ára


Lengd: 120cm+ = unglingar/fullorðnir

Ljóst er af þeim kirkjugörðum sem rannsakaðir hafa verið í skagfirsku kirkjurannsókninni að kristnir grafsiðir eru frá upphafi nokkuð fast skipaðir, þó svo sjá megi minniháttar mun milli kirkjugarða. Kirkjugarðar í frumkristni á Íslandi og í Skandinavíu virðast hafa verið kynskiptir. Konur voru grafnar norðan til í garði og karlmenn sunnan til. Ástæða þessa er ekki kunn en lagaákvæði eru í elsta kristnirétti norska Eiðsvallapings lagabálksins þar sem segir að: „karlmenn skulu liggja firi norðan kirkju, konur firi sunnan“.<sup>25</sup> Þetta ákvæði er ekki að finna í kirkjurétti Grágásar né heldur nein sérstök fyrirmæli um hvernig skuli grafið í kirkjugarð. Oftast er einhver blöndun kynjanna í görðum þó svo að kynskiptingu hafi verið fylgt að miklu leyti eða hluta. Þær grafir sem rannsakaðar hafa verið í tengslum við kirkjurannsóknina og staðsetning innan kirkjugarðs er þekkt virðast styðja þetta en grafirnar eru enn of fáar til að hægt sé að fullyrða það. Þegar 11. aldar kirkjugarðurinn í Keldudal, Hegranesi var rannsakaður kom hinsvegar í ljós að garðurinn var að fullu kynskiptur, án sýnilegrar blöndunar. Það er því ljóst að kynskipting hefur tíðkast í elstu skagfirsku kirkjugörðunum. Í kirkjugarðinum á Seylu voru einungis grafnar upp þrjár óhreyfðar grafir fullorðinna einstaklinga sem hægt var að kyngreina. Tvær grafanna lágu við kirkjugarðsvegginn norðan kirkjunnar og voru það beinagrindur tveggja kvenna. Ein óhreyfð gröf var við kirkjugarðsvegg sunnan til í garðinum og í henni beinagrind karlmanns. Það gæti bent til að garðurinn hafi verið kynskiptur.

Segja má að varðveisla beina hafi almennt verið með ágætum, jafnvel bein smæstu ungbarna varðveittust. Þó var dálítill munur á varðveislu ungbarna en beinagrindur fullorðinna voru allar vel varðveittar. Eins og áður er sagt virðast ungbörn ekki hafa verið á forgangslista yfir þá sem fjarlægðir voru úr gröfum sínum en grafir þriggja fullorðinna og tveggja stálpaðra barna höfðu einnig verið skilin eftir. Gröf fast upp við suðurhlið kirkjugarðsveggjar geymdi bein karlmanns sem augljóslega hefur glímt við fötlun í lifanda lífi. Gröfin lá í beinu framhaldi af annarri gröf (gröf nr. 4) sem bein höfðu að mestu verið fjarlægð úr, utan fótabeina neðan hnjáa. Tvær heilar grafir fundust svo við norðurvegg, gröf eldri konu og stálpaðs barns. Gröf konunnar bendir

---

<sup>25</sup> Halvorsen og Rindal 2008, bls. 56.



Mynd 43. Yfirlitsteikning sem sýnir hvaða grafir voru tæmdar á 11. öld. Í tveimur grafanna sunnanvert í garðinum voru öll fótabein neðan hjáa eftir og er þar nokkur hluti beinagrindar sagður eftir. Gröf nr. 19, gröf ungbarns, hafði verið tæmd að hluta en hægri hlið beinagrindar hafði að mestu orðið eftir.

ekki til mikillar viðhafnar við greftrun þar sem að gröfin hefur augljóslega verið of lítil fyrir líkið og því hefur þurft að grafa inn úr botni grafarinnar og hafa hné bogin til að koma því í gröfina. Gröf konunnar liggur auk þess nokkuð á ská við aðrar grafir í garðinum en hún hefur fylgt lögun garðveggjarins fremur en réttu áttahorfi eða legu kirkjunnar. Grafirnar þrjár sem bein hafa að mestu leyti verið fjarlægð úr liggja hlið við hlið syðst í garðinum. Ekki var hægt að áætla eiginlega dýpt þeirra þar sem að efsti hluti grafanna hafði verið skemmdur þegar stóra gryfjan var grafin.

Gryfjan sem beinflutningsmenn grófu á 11. öld var umhverfis kirkjuna á þrjá vegu, norðan, austan og sunnan. Greinilegt var að menn höfðu grafið eina gryfju en síðan grafið einstaka grafir þegar lega þeirra og fjöldi varð ljós. Efri hluti flestra grafanna hafði verið grafinn í burtu þannig að einungis neðsti hluti grafanna var enn til staðar. Auk gryfjunnar hafði einnig verið hreinsað upp úr stakri gröf innan kirkju en hún var utan gryfjunnar. Engra grafa virðist hinsvegar hafa verið leitað vestan kirkjunnar og lá dökkt gjóskulag (mögulega Vj~1000)

óhreyft yfir öllum vesturhluta kirkjugarðsins. Þar sem einungis hefur verið grafið í garðinum í nokkra tugi ára er líklegt að menn hafi vitað hverjir lágu í gröfunum í það minnsta virðist sem menn hafi haft nokkuð góða hugmynd um hversu margar þær væru og hvar þeirra væri að leita. Elleftu aldar uppgröfturinn gerði það að verkum að hafi í garðinum verið minningarmörk eða grafmerkingar einhverskonar þá hafa þær verið fjarlægðar við gröftinn. Í Keldudal fundust engin ummerki grafmerkinga auk þess sem lítil ummerki hafa verið um jarðvegshauga yfir gröfum. Hinsvegar virðist sjaldan hafa verið grafið ofan í eldri grafir og því virðast menn hafa haft einhverjar hugmyndir um legu grafa. Hvernig þær hafa verið merktar á yfirborði er því óvíst. Í 11. aldar kirkjugarðinum á Steinsstöðum í Tungusveit fannst óunninn steinn við höfuðenda grafar sem gæti hafa verið einhversskonar yfirborðsmerking.<sup>26</sup> Steinar við grafarenda fundust einnig á Neðra-Ási í Hjaltadal sem kunna einnig að vera grafmerkingar.<sup>27</sup>


Grafirnar lágu að mestu austur-vestur og fylgdu legu kirkjunnar. Þrjár grafir (grafir 6, 14 og 15) fylgdu þó legu kirkjugarðsveggjarins. Gröf 6 lá fast upp við kirkjugarðsvegginn en grafir 14 og 15 rétt um metra innan garðsins. Ekki er ljóst af hverju þetta stafar en grafir sunnan til í garðinum hafa fylgja réttum áttum en ekki legu kirkjugarðsveggjar. Einnig kann að vera að grafirnar nyrst í garðinum hafi verið komnar áður en kirkjan var reist og því ekki fylgt veggjum hennar.

Grafir nr. 18 og 19 lágu í kirkjugólfinu en ummerki uppmoksturins sem fylgdi beinaflutningnum á 11. öld kom í veg fyrir að hægt væri að ákvarða hvort að veggir kirkjunnar hefðu legið ofan á gröfunum, eða hvort þær væru mögulega að hluta grafnar inn undir kirkjuveggina. Gröf fullorðna einstaklingsins hefði eins getað verið öll innan kirkjunnar en gröf ungbarnsins hefur að hluta verið grafin inn undir suður langvegg kirkjunnar. Fleiri grafir virtust ekki innan kirkju. Hafi grafirnar verið komnar þegar kirkjan var reist hafa þær hinsvegar verið nokkru vestar en aðrar grafir á svæðinu. Það kann þó auðvitað að vera að um allra fyrstu grafirnar sé að ræða. Hafi grafir nr. 18 og 19 verið grafnar inn undir suðurvegg kirkjunnar má ætla að gert hafi verið ráð fyrir fleiri gröfum í kirkjugólfinu. Helgasti hluti kirkjugarðs var í og upp við kirkjuna og má ímynda sér að það hafi verið eigendur kirkjunnar sem þar áttu víst leg. Hafi samskonar kynskipting ríkt við grafsetningu innan kirkju og í kirkjugarðinum má geta sér þess

<sup>26</sup> Guðný Zoëga 2009, bls. 12.

<sup>27</sup> Orri Vésteinsson 2000, bls. 12.





Mynd 44. Yfirlitsteining af kirkjugarðinum sem sýnir áætlaðar kisturgrafir. Grafir litaðar grænar innihéldu líklega kistu þar sem að í þeim fundust leifar kista eða nagla og viðar. Hægt er að fullyrða að gulu grafirnar hafi verið kistulausar en í gröfunum sem eru skástrikaðar fundust engin ummerki um kistur og ekki var hægt að fullyrða að þær hafi verið kistulausar.

til að það hafi verið kirkjubóndinn sem þar var lagður upp við suðurvegg kirkjunnar en að garðurinn hafi verið fluttur áður en að húsfrú hans þurfti á sínum legstað að halda.

Heilar líkkistur fundust í tveimur grafanna, gröf nr. 16 og gröf nr. 25. Báðar voru grafir ungbarna. Kistulok og bein ungbarns í gröf nr. 16 höfðu verið fjarlægð fyrir utan nokkur bein sem fundust rótuð í moldarfyllingunni í kistunni. Kista í gröf nr. 25 var hinsvegar heil. Viðurinn var þó einungis þunnt skæni. Hægt er að fullyrða að í gröfum næst kirkjugarðsvegg (gröfum nr. 1, 4, 5, 6, 7 og 14) voru engar kistur. Miðað við að viður í þeim kistum sem fundust var ágætlega varðveittur er ólíklegt að viður hefði getað verið horfinn að fullu í þeim gröfum sem engin ummerki voru um kistur. Í nokkrum grafanna fundust svo viðarleifar og/eða járn naglar úr kistum. Viðarleifar voru auk þess á nokkrum naglanna. Tilvist kista í gröfum sem höfðu verið tæmdar var metin út frá því hvort kistunaglar fundust í grafarfyllingum. Voru það gröf nr. 18 innan kirkju, grafir nr. 10 og 20 austan kirkju og grafir nr. 22 norðan kirkju og nr.

8 og 21 sunnan kirkju. Aðrar grafir var ekki hægt að ákvarða um þar sem engir naglar eða viðarleifar fundust í fyllingum grafa. Það þýðir þó að sjálfsögðu ekki að engin kista hafi verið í gröfunum, þær gætu einfaldlega hafa verið nógu heillegar til að hægt væri að flytja þær í heilu lagi. Það virðist því sem að grafir úti við kirkjugarðsvegginn hafi verið kistulausar en grafir innar í garðinum, nær kirkju hafi verið með kistu. Athyglisvert er að einungis hluti ungbarna er grafinn í kistu. Gröf nr. 25 hafði verið tekin ofan í gröf nr. 24 og virtust þær sem ein gröf á yfirborði. Ungbarnið í gröf nr. 24 var ekki í kistu en kista var í gröf nr. 25. Ungbarnið innan kirkjunnar virðist heldur ekki hafa verið grafið í kistu.

Hvernig á því stendur að einungis hluti þeirra sem í garðinum lágu var fluttur við tilfærslu kirkjugarðsins getur aðeins orðið ágiskun. Grafir þeirra fullorðnu einstaklinga sem eftir urðu, voru úti við kirkjugarðsvegg, gröf nr. 1 við sunnanverðan vegginn en grafir 6, 7 og 15 upp við hann norðanverðan. Það er einkum grafir nr. 6-7 sem hægt er að ímynda sér að hafi hreinlega ekki fundist þar sem að þær lágu að fullu utan við 11. aldar gryfjuna. Erfitt er þó að ímynda sér að grafir nr. 1, 14 og 17 hafi orðið útundan fyrir slysi þar sem að þær liggja að hluta (grafir nr. 1 og 14) og fullu (nr. 17) innan gryfjunnar. Það virðist því einna helst sem að þær hafi verið skildar eftir af ásetningi. Það virðist sem að minni áhersla hafi verið lögð á að fjarlægja ungabörn og börn úr gröfum sínum. Meira að segja barnið sem lá undir syðri kirkjuveggnum var ekki fjarlægt að fullu. Í fornum norskum kirkjurétti eru ákvæði um svæðisskiptingu kirkjugarða út frá þjóðfélagsstöðu. Kirkjueigendur og betri bændur áttu að liggja næst kirkju en þrælur og annað vinnufólk úti við kirkjugarðsvegg.<sup>28</sup> Þessi uppskipting garða er í m.a. í sama lagabálki og ákvæði um kynskiptingu, en hvorugt ákvæðanna er að finna í kristnirétti Grágásar. Hvort Seylugarði hefur verið skipt upp á þennan hátt skal ekki fullyrt. Minni áhersla virðist þó hafa verið lögð á að fjarlægja bein úr gröfum úti við kirkjugarðsvegg auk þess sem þær grafir virðast hafa verið kistulausar. Garðurinn hefur þó að öllum líkindum aðeins hýst eina fjölskyldu og því má búast við annars konar skipan í garðinum en reikna má með í sóknarkirkjugarði sem þjónað hefði stærra samfélagi. Það gæti haft áhrif á hvernig lögum eða siðvenjum hefur verið framfylgt. Líkt og í Keldudal virðast grafir úti við kirkjugarðsvegg hafa verið kistulausar. Þó fara verði varlega í túlkanir á samfélagsstöðu út frá fremur einsleitri grafargerð elstu kirkjugarðanna virðist þó mega greina mismun milli grafa nærri kirkju og úti við kirkju-garðsvegg.

<sup>28</sup> Halvorsen og Rindal 2008, bls. 54.

Við uppgröftinn 2012-13 var ekki grafið niður fyrir gjóskulagið sem lá yfir vesturhluta garðsins. Þar höfðu grafarflutningsmenn 11. aldar ekki talið að væru grafir, auk þess sem jarðsjármælingar bentu ekki til að þar væri grafir að finna. Gryfjan og þau snið sem fengust í gröfunum sýndu fram á að undir kirkju og gröfum væru nokkuð umfangsmiklar byggingaleifar. Ekki var ætlunin að kanna þær nánar og því forðast að grafa frekar í þær. Grafirnar sem fundust óhreyfðar höfðu einnig allar verið grafnar í gegn um Vj~1000 gjóskuna og móóskulagið undir henni. Það voru því engar vísbendingar um greftrun fyrir 1000 gjóskuna en ljóst var að kirkjan og kirkjugarðsveggurinn hafa verið reist eftir þann tíma.


Grafirnar sem í garðinum fundust voru því allar í eystri helmingi garðsins og ljóst að garðurinn hefur verið langt frá því að vera fullnýttur. Við greiningu á legu grafa er garðinum þó skipt í nyrðri og syðri helming eftir miðlínu frá vestri til austurs. Þetta er gert vegna mögulegrar kynskiptingar. Í Keldudal virtist skipting kynja í garðinum fylgja þesskonar miðlínu þar sem kynskipting var greinanleg í gröfum vestan kirkjunnar sem lágu sitt hvoru megin við innganginn í hana. Í Keldudal voru flestar grafanna einnig austan við miðja kirkjuna en öfugt við Seylugarðinn þá hafa grafir einnig verið vestan kirkjunnar. Kolefnisaldursgreining (AMS) beina úr gröfum í vestur hluta Keldudalsgarðsins bendir til að grafirnar þar séu frá upphafi greftrunar í garðinn. Þarna má því sjá „heimilisbundinn“ mismun í notkun garða innan héraðs.

Þar sem eldri kirkjugarðurinn á Seylu varð jafn skammlífur og raun ber vitni gefur hann góða hugmynd um upphaf greftrunar í honum. Ljóst er að ekki er byrjað að jarða upp við kirkjuveggi og lega grafa út við kirkjugarðsvegg var ekki tilkomin vegna þess að garðurinn væri að verða fullur. Einnig virðist nokkuð strált hafa verið grafið í upphafi. Hinsvegar er ljóst að menn hafa hafið gröft í austurhluta garðsins.

Sé reiknað með að grafið hafi verið í garðinum í 70 ár má reikna með einni greftrun á 2,8 ára fresti þar af fullorðinn einstaklingur á 5,2 ára fresti. Þessi greftrunartíðni fellur vel að þeirri túlkun að um sé að ræða fjölskyldukirkjugarð þar sem einungis voru greftraðir heimilismenn á Seylu.

## Beinagreining

Enn hefur ekki farið fram endanleg greining mannabeina úr garðinum þannig að niðurstöður frumgreiningar er birt hér með fyrirvara um breytingar. Fjöldi einstaklinga í garðinum var líttill auk þess sem beinaflutningur 11. aldar gerði það að verkum að ekki er hægt að fullyrða með vissu hver raunfjölda grafa var. Hlutfall barna undir 12 ára aldri í garðinum var 44% en fullorðnir voru 52%. Sökum þess að aðeins var hægt að aldursgreina þrjár beinagrindur fullorðinna einstaklinga var ekki mögulegt að flokka aldur fullorðinna nánar. Athyglisvert er í Seylukirkjugarði



var hlutfall barna 12 ára og yngri hátt, líkt og í Keldudal en þar voru börn undir 12 ára aldri 49% þeirra sem í garðinum lágu. Hafi einhverjar ungbarnagrafir farið forgörðum við 11. aldar uppgröftinn má ætla að hlutfallið sé nokkurnveginn svipað.

Af beinum þeirra þriggja fullorðnu einstaklinga sem hægt var að greina voru tvær beinagrindur kvenna og ein beinagrind karlmanns. Allar beinagrindurnar hafa tilheyrt einstaklingum á aldrinum 30-45 ára. Þar sem öll bein sem nothæf eru til kyngreiningar höfðu verið fjarlægð úr öðrum gröfum verður fjöldi karla og kvenna í garðinum ekki skilgreindur. Hafi garðurinn verið kynskiptur, líkt og í Keldudal, má geta sér þess til að karlar hafi verið a.m.k. 6 og konur og a.m.k. 5 karlar sem telst nokkuð jöfn skipting. Óljóst er hvorum megin hryggjar grafirnar austan kirkju hafa fallið þar gætu verið jafnt grafir kvenna og karlmannna. Ekki er hægt að fullyrða um hvort samskonar kynskipting hefur átt við um börn en þau virðast hafa legið báðum megin í garði.



## Samantekt

Kirkjugarðsveggur og kirkja hafa verið reist skammt sunnan Seylubæjar snemma á 11. öld, líklega á fyrstu árum hennar. Garðurinn hefur verið torfhlaðinn en með grjóti neðst í undirstöðu. Hann hefur verið um 14,5m í þvermál frá norðri til suðurs og 15,5m frá vestri til austurs þannig að hann hefur verið eilítið sporöskjulaga. Veglegir steinar lágu í fremur reglulegri röð við innbrún veggjar en grjótið í undirstöðu veggjarins virtist annars fremur



Mynd 46. Austurhluti kirkjugarsðbogveggjarins, H1104 gjóskan lá yfir veggnum öllum og inn á milli steinanna.

lítilfjörlegt og tætingslegt. Það kann að helgast af því að torf úr veggnum hefur verið fjarlægð þegar garðurinn var aflagður á seinni hluta 11. aldar. Hlið hefur verið á kirkjugarðsveggnum í norðvestur hluta hans og hefur grjótlögð stétt legið úr garðinum til norðurs. Garðurinn var nokkru óverulegri vestan til en þar virðist mest allt grjótið hafa verið fjarlægð. Grjót vantaði líka á köflum í austur og suður hluta hans. Torf lá

inn á milli steinanna í garðinum og einnig voru heillegri torfblokkir í rótaðri fyllingu umhverfis kirkjuna. Hinsvegar var ekki nóg torf eftir inni í garðinum og utan hans til að ætla að honum hafi verið rutt um og sléttað úr honum. Torfið virðist því hafa verið fjarlægð. Vera kann að torfið hafi verið notað sem uppfyllingarlag til að sléttunar í yngri kirkjugarðinum en í honum fannst 20cm rótað sléttunarlag með torfi. Samskonar lög hafa fundist í fleiri kirkjugörðum í Skagafirði.<sup>29</sup>

